

héraðsdómslögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun, ákærði Kristján Norman greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000.00 í málsvarnarlaun og ákærði Gunnar greiði skipuðum verjanda sínum, Jóni Arasyni héraðsdómslögmanni, kr. 8.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 20.000.00, greiði ákærðu Harry, Halldór Sigurjón, Guðjón Svanar, Sigurður Lyngberg, Kristján Norman og Gunnar in solidum.

Málsvarnarlaun Matthíasar Á. Mathiesen hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða Kristjáns Ragnars, kr. 15.000.00, skulu greiddast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. október 1968.

Nr. 3/1968.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Þorvaldi Ara Arasyni

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Manndráp. Svipting málflutnings- og verzlunarleyfa.
Sýknað af ákæru um brot gegn 217. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram í Hæstarétti nokkur ný gögn.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1968, sendi saksóknari ríkisins Læknaráði ágríp dómsgerða málsins og óskaði umsagnar þess um álitsgerð Þórðar Möllers yfirlæknis og hvort það

féllist á niðurstöður hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða.

Álitsgerð Læknaráðs um þetta efni er dags. 13. júní 1968, og segir svo í niðurlagi hennar:

„Læknaráð fellst á niðurstöður Þórðar Möller yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi Þorvalds Ara Arasonar, eins og þær koma fram í álitsgerð yfirlæknisins, dagsettri 12. maí 1967“.

Að ósk verjanda ákærða í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, samdi Sigurjón Friðbjörn Björnsson sálfræðingur skýrslu um viðkynningu sína af ákærða, en þeir ólust upp í sama byggðarlagi og voru samtímis í menntaskóla.

Skýrsla þessi var lögð fram í sakadómi og staðfest. Í tilefni af skýrslu þessari óskaði saksóknari ríkisins m. a. eftir álit sálfræðingsins á sakhæfi ákærða. Í bréfi sálfræðingsins, dags. 19. júní 1968, segir í lok þess, „að eftir minni beztu vitund og þekkingu get ég ekki séð, að ákærði sé haldinn neinum þeim annmörkum, sem um getur í 15. grein almennra hegningarlaga“.

II.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sýknu ákærða af broti gegn 217. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Sannað er, að ákærði réð fyrrverandi eiginkonu sinni bana af ráðnum hug í íbúð hennar að Kvisthaga 25 að morgni 7. janúar 1967, eins og nánar er skilmerkilega rakið í héraðsdómi, en eigi þykir verða staðhæft, að ásetningur hans til að fremja brotið hafi orðið til fyrr en við síðustu orðasennu þeirra. Varðar verknaður ákærða við 211. grein almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 16 ár.

Samkvæmt 76. grein almennra hegningarlaga skal gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 7. janúar 1967 koma með fullri dagtölu refsingu hans til frádráttar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu leyfa ákærða til málflutnings og verzlunar.

Hinn 10. janúar 1968, er skjöl máls þessa höfðu borizt Hæstarétti, var Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, sem var skipaður verjandi ákærða í héraði, einnig skipaður verjandi hans fyrir Hæstarétti. Hinn 27. marz 1968 var hann að eigin ósk leystur frá þeim starfa, en hann hafði þá unnið að ágripsgerð í málinu. Sama dag var Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétti.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals kr. 120.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 95.000.00, og svo málflutningslaun skipað sverjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Ari Arason, sæti fangelsi 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 7. janúar 1967 skal koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er sviptur leyfum til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði og svo verzlunarleyfum sínum til heildsölu og smásölu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, samtals kr. 120.000.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 95.000.00, og svo málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. október 1967.

Ár 1967, mánudaginn 30. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í fangahúsinu við Skólavörðustíg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 406/1967: Ákærvaldið gegn Þorvaldi Ara Arasyni, sem tekið var til dóms 24. sama mánaðar.

Með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 19. maí s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Þorvaldi Ara Arasyni hæstaréttarlögmanni, Sólvallagötu 63 í Reykjavík, gæzlufanga í hegningarhúsinu þar, fæddum 11. maí 1928 á Víðimýri í Skagafirði, fyrir að svipta fyrrverandi eiginkonu sína, Hjördísi Ullu Zebitz, lífi með hnífstungum laugardagsmorguninn 7. janúar 1967 í íbúð hennar á I. hæð Kvisthaga 25 í Reykjavík eftir að hafa ruðzt með ofríki inn í íbúðina.

Telst þessi verknaður varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Enn fremur er hann ákærður fyrir líkamsmeiðingu með því að hafa við fyrrgreinda aðför að Hjördísi Ullu Zebitz á heimili hennar veitt Margréti Ingibjörgu *Paulu* Sveinsdóttur, þar dveljandi, skurðsár með hnífslagi, þegar hún hugðist ganga á milli og bjarga Hjördísi Ullu. Lenti hnífslagið framan á vinstra læri neðarlega.

Telst þessi verknaður varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þess er enn fremur krafizt samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, að ákærði verði sviptur leyfum til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og lögildingunni til sóknar opinberra mála í héraði svo og verzlunarleyfum (heildsöluleyfi og smásöluleyfi).

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. maí 1928 á Víðimýri í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, og hefur hann, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum: 1949 10/10 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og brot á 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1950 10/1 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir ölvun við stjórn bifreiðar.

1952 5/1 í Reykjavík: Dómur: 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir í Vestmannaeyjum.

1954 25/10 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1961 12/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum, sem fram hafa komið í málinu, eru málavextir þessir:

I. kafli.

A. Hinn 3. október 1953 kvæntist ákærði Hjördísi Ullu Vilhjálmisdóttur Zebitz, sem fædd var 21. desember 1928. Þau eignuðust fjögur börn, og eru þau þessi: Steingrímur Ari, fæddur 31. desember 1953, Vilhjálmur Ari, fæddur 27. apríl 1956, Kristján Ari, fæddur 30. desember 1958, og Guðrún Ara, fædd 19. júní 1960, öll í Reykjavík. Hinn 1. desember f. á. var skilnaðarmál þeirra hjóna tekið fyrir hjá borgardómara. Konan krafðist lögskilnaðar vegna hjúskaparbrots ákærða. Viðurkenndi hann brot sitt, sem hann kvað hafa orðið þremur vikum eftir að honum hefði verið vísað að heiman, og samþykkti hann lögskilnaðarkröfuna. Með hjónunum varð samkomulag um forræði barna, meðlög, lífeyri og skiptingu eigna. Konan fékk forræði barnanna, og skyldi fasteignin Kvisthagi 25, II. (sic) hæð, verða eign hennar að hálfu og barnanna saman að hálfu, en fasteignin Sólvallagata 63 skyldi verða eign ákærða. Hinn 28. desember f. á. gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út leyfisbréf til algerðs skilnaðar milli þeirra hjóna. Ákærði kveður, að mjög lítill samgangur hafi verið milli þeirra eftir skilnaðinn, en börn þeirra hafi komið í þrjú skipti í heimsókn til hans og seinast að kvöldi 6. janúar s.l.

B. Kl. 9 árdegis laugardaginn 7. janúar s.l. var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og beðið um aðstoð lögreglu að neðri hæð hússins nr. 25 við Kvisthaga hér í borg. Lögreglumennirnir Rúdólf Axelsson, Magnús Magnússon og Finnbogi Sigurðsson fóru á staðinn í bifreið, sem hinn síðastnefndi stýrði. Þegar hinir tveir fyrstnefndu gengu upp tröppur útidyra á nefndu húsi, mættu þeir ákærða, sem var að ganga þaðan út blóðugur á höndum. Fyrir innan útidyrnar var stúlka að nafni Sara Sigurðardóttir í mikilli geðshræringu. Hún benti á ákærða og bað lögreglumennina um að koma fljótt inn fyrir. Magnús Magnússon fór með ákærða út í lögreglubifreiðina, en Sara vísaði Rúdólfi Axelssyni inn á baðherbergi á neðri hæð hússins. Þar lá í baðkeri kona, mikið blóðug. Var hún með sýnilega áverka á brjósti og virtist vera látin. Reyndist þetta vera Hjördís Ulla Arason Zebitz, fyrrverandi eiginkona ákærða.

Lögreglumennirnir tilkynntu þegar á lögreglustöðina, hvað

gerzt hafði. Á vettvang komu þegar fulltrúi borgarlæknis, Björn Ölundarson, sem kvað konuna vera látna, svo og frá rannsóknar-lögreglunni þeir Ingólfur Þorsteinsson, Ragnar Vignir, Njörður Snæhólm og Sævar Jóhannesson, sem framkvæmdu rannsókn á vettvangi.

Ákærði var fluttur í hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9. Þar var hann yfirheyrður af Sverri Einarssyni fulltrúa í sakadómi sama dag frá kl. 1602—1730, og viðurkenndi hann þá að hafa orðið Hjördísi Ullu Zebitz að bana.

C. Rétt þykir að taka fram, að fyrir útgáfu ákæru var ákærði yfirheyrður í fjögur skipti fyrir dómi, þ. e. 7., 10., 12. og 14. janúar s.l. Enn fremur lagði hann fram fjórar langar skriflegar skýrslur um málsatvik í dóminum 25. ágúst og 13. september s.l., sem hann kvað vera nákvæmari og réttari frásögn hans um málsatvik en fyrri framburðir hans í málinu. Loks fóru fram samprófanir milli ákærða og nokkurra vitna í s.l. mánuði.

Verða nú rakin einstök atvik málsins. Verður í II. kafla dóms þessa fjallað um atvik og atburði aðfaranótt og að morgni 7. janúar s.l. og raktir framburðir ákærða og vitna, og í III. kafla verður greint frá rannsókn vettvangs og líks. Í IV. kafla verður vikið að nokkrum atvikum, er gerðust fyrir 7. janúar s.l., og í V. kafla er greint frá rannsókn geðlæknis. Loks verður í VI. kafla tekin afstaða til krafna ákæruvaldsins.

II. kafla.

A. Um eða laust eftir kl. 2300 föstudagskvöldið 6. janúar s.l. fór ákærði í veitingahúsið Naust við Vesturgötu og neytti þar áfengis. Þegar staðnum var lokað, fór hann ásamt nokkrum öðrum gestum heim til hjónanna Björns Auðuns Blöndals skrifstofumanns og Ellen Þóru Snæbjörnsdóttur, til heimilis að Laugavegi 49 hér í borg, en Björn Auðunn þekkir ákærða. Áfengi var haft um hönd, og dvöldust gestirnir þarna fram eftir nóttu.

Vitnið Björn Auðunn Blöndal kveðst ekki geta sagt neitt sérstakt um það, hvort ákærði var mikið ölvaður í þetta skipti, en því virtist hann hafa neytt áfengis eins og aðrir, sem í samkvæminu voru, og það getur heldur ekki sagt um, hvort hann jók áfengisneyzlu sína, þegar leið á nóttina. Vitnið minnst þess, að hann fór út um nóttina, en kom brátt aftur og var þá ef-til vill með áfengisflösku. Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, hvernig lá á ákærða, og treystir sér ekki til að segja um, hvort hann hafi verið órólegur eða kátur, en það hafi ekki orðið vart

við, að hann væri nokkuð öðruvísi en venjulega. Vitnið man ekki, hvenær ákærði fór burt, en það kveðst hafa farið að sofa, þegar komið var eitthvað fram undir morgun og verið þá nokkuð ölvað.

Vitnið Ellen Þóra Snæbjörnsdóttir kveðst aldrei hafa séð ákærða fyrr en í bifreiðinni áleiðis að Laugavegi 49 um nóttina og ekki vitað nein deili á honum. Vitnið minnst þess ekki, að hann væri mikið drukinn í samkvæminu, og sá hvorki né heyrði, að nokkuð óeðlilegt væri í fari hans, og talaði heldur ekkert við hann. Það kveðst ekki hafa orðið vart við, þegar hann fór í burtu um nóttina, en það hafi séð hann koma aftur milli kl. 4 og 5 um nóttina og þá bakdyramegin. Það mundi sérstaklega eftir því, að hann fór þá hvorki úr frakka sínum né tók ofan hattinn. Það getur ekki sagt um, hvenær hann fór síðan á brott úr samkvæminu, og hafi það farið að sofa um kl. 6 um morguninn, en vaknað aftur milli kl. 0730 og 0800 og fullyrðir, að þá hafi það ekki séð hann í húsinu. Vitnið kveðst hafa verið töluvert drukkið um nóttina.

Þrír af gestunum hafa borið vitni í málinu og m. a. um það, sem nú greinir:

Vitnið Gunnar Sigurður Magnússon myndlistarmaður, Laufásvegi 17 hér í borg, sem kannast lítið eitt við ákærða, kveðst hafa séð hann seint um kvöldið á barnum í Nausti og skömmu fyrir lokun um kl. eitt um nóttina ásamt nokkrum gestum við borð í veitingasalnum. Vitnið hafi slegizt í hópinn með fólki þessu að Laugavegi 49, þar sem sezt hafi verið að drykkju, en það hafi ekki verið drukkið mikið. Í fyrstu hafi verið drukkið Dubonnet, en síðan brennivín. Þarna hafi verið rabbað saman, sungið og farið með ljóð, og virtist vitninu sem ákærði tæki þátt í þessu öllu. Vitnir minnir, að klukkan hafi verið að ganga þrjú um nóttina, þegar ákærði dró upp mynd af Útlaga Einars Jónssonar og afhenti því með þessari áritun: „Hr. Gunnar S. Magnússon, einhversstaðar í Reykjavík. Áramót 66/67. Það fara ekki allir á kirkjugarðsballið í haust, sem ætluðu þangað í vor. Áramótakveðjur. Þ. Ari“. Vitnið hefur afhent sakadómi kortið, og er það dskj. nr. 10. Ákærði hafi spurt það að því, hvort það hefði skoðað mynd þessa, og vitnið kveðið já við og innt hann nánar eftir spurningunni. Hafi hann þá sagt „konuna“. Vitnið hafi þá sagt: „Já, hve hún er sælleg þrátt fyrir það, að hún er nár“ og spurt hann að því, af hverju hann héldi, að hún væri svona sælleg. Hann hafi þá svarað: „Af því að hann hafi fullnægt henni

svo vel“. Vitnið hafi þá sagt: „Sem sagt þú meinar, að hann hafi nært hana svona vel“. Ákærði hafi svarað: „Ég ætla að vera búinn að gifta mig fyrir klukkan 6 í kvöld, ég get ekki verið einn“. Vitnið hafi sagt honum, að það hefði verið heima með sínu fólki um hátíðarnar, og spurt hann, hvort hann hefði verið hjá sínu fólki. Hann hafi hrist höfuðið og kveðið nei við. Nokkru síðar hafi hann staðið upp og endurtekið, að hann ætlaði að vera búinn að gifta sig fyrir kl. 6 í kvöld. Nokkru fyrir kl. 4 hafi nokkrir gestanna horfið úr samkvæminu, en áður hafi ákærði verið búinn að fara í nokkur skipti fram í herbergi til að hringja, en hvert, hafi vitnið ekki vitað. Ákærði hafi verið drukkinn, en ekki mikið. Hann hafi verið eirðarlaus, en það hafi einkennt hann og virzt hafa farið í vöxt að undanfögnu. Einhvern tíma eftir kl. 4 kveður vitnið, að ákærði hafi farið, en komið aftur um kl. 0430 með gosdrykki og brennivínsflösku fulla upp í axlir og hafi hann gefið þá skýringu á því, að hann hefði gefið manni að drekka úr henni. Hér sé þó ekki um nákvæma tímasetningu að ræða, því að vitnið hafi litið aðeins lauslega á klukku. Vitninu virtist, að ákærði væri nú æstari og meira niðri fyrir en áður og farið að deila á einn gestanna, hnippið í hann og ýtt við honum. Vitnið kveður að lokum, að ákærði hafi verið í samkvæminu fram undir kl. 8 um morguninn og farið einn burt þaðan. Hann hafi talað um að hringja í bifreið, en vitnið vissi ekki, hvort hann náði í hana. Vitnið hvarf á brott úr húsinu um kl. 9 um morguninn.

Vitnið Þorsteinn Ögmundsson Stephensen leiklistarstjóri, Laufásvegi 4 hér í borg, kveður, að því hafi sýnt ákærði vera hress og vel á sig kominn í veitingahúsinu Nausti, en kveðst ekki hafa veitt honum neina sérstaka athygli í samkvæminu á Laugavegi 49 og minnst þess ekki að hafa talað nokkuð við hann þar. Vitnið tekur fram, að gestirnir hafi skipzt í tvo hópa í sitt hvoru herbergi og hafi það og ákærði verið í sitt hvorum hóp. Vitnið telur, að ekki hafi verið drukkið mikið áfengi í samkvæminu og enginn hafi verið til vandræða vegna ölvunar. Vitnið kveðst ekki muna, hvenær það hvarf úr samkvæminu, en vitnið Gunnar Sigurður Magnússon kveður, að það hafi verið nokkru fyrir kl. 4 um nóttina.

Vitnið Haraldur Lárusson Blöndal, stud. jur., Rauðalæk 42 hér í borg, kveðst hafa verið kynnt fyrir ákærða í Nausti um kvöldið. Hafi þeir tekið tal saman og rætt almenna hluti. Hann hafi þá ekki verið áberandi ölvaður. Eftir kl. 2 um nóttina hafi

vitnið komið í samkvæmið að Laugavegi 49, þar sem hófleg drykkja var. Vitnið telur, að ákærði hafi ekki verið mikið ölvaður í samkvæminu eða tal hans nokkuð óeðlilegt, en þeir hafi rifizt um stjórnmál. Einhvern tíma nætur hafi ákærði haft orð á því, að hann ætlaði að bjóða heim til sín í „partí“, en ekki hafi orðið af því. Hann hafi horfið úr samkvæminu, en komið aftur einhvern tíma eftir kl. 4 með áfengisflösku, sem verið hafi tæplega axla-full. Hann hafi síðan verið í samkvæminu fram undir morgun og telur, að hann hafi farið einn á brott. Vitnið kveðst ekki muna eftir neinu óeðlilegu í fari ákærða um nóttina.

Ákærði kveðst hafa drukkið mikið þetta kvöld og þessa nótt, en verið rólegur. Hann hafi blandað geði við alla gestina í samkvæminu og hafi margir þeirra verið skemmtilegir menn. Hann kveður, að vitnið Gunnar Sigurður Magnússon hafi verið með smáhnútur til hans út af því, að hann hefði ekki átt að vera að skipta sér af hjónaskilnaðarmáli þess, en hugsa meira um sitt eigið skilnaðarmál. Hann hafi þá rétt því kort af Útlaganum með fyrrgreindri áritun, en honum hafi verið gjarnt á að nota það orðatiltæki, þegar eitthvað hafi farið öðruvísi en vænta hafi mátt. Vitni þetta hafi verið með eitthvert drykkjuraus út af kortinu og hafi hann þá gefið sig á tal við aðra, en í samkvæminu var mikið fjör og gleðskapur. Áfengi þvarr um nóttina, og fór ákærði þá út. Náði hann í leigubifreið og sótti eina flösku af brennivíni í skrifstofu sína. Hann dreypti á áfenginu á leiðinni aftur í samkvæmið. Þar drakk hann allrösklega af áfenginu og skammtaði sér sjálfur. Kveðst hann hafa orðið verulega ölvaður.

Undir morguninn kveðst ákærði hafa fengið löngun til að tala við Lindu mágkonu sína og spyrja hana meðal annars að því, hvort hún vildi hafa milligöngu um, að hann fengi að koma heim til Hjördísar Ullu á Kvisthaga 25 þá um morguninn, þó að hann væri ölvaður. Ákærði tekur fram, að kvöldið áður hafi hann komið heim til Hjördísar Ullu og hafi hún þá spurt hann að því, hvort hann mundi ekki fara næsta morgun upp á Landspítala, en þar lá þá móðurbróðir hans, Sigurður Björnsson, til heimilis á Sauðárkróki. Kveðst ákærði sagzt mundu gera það. Hafi hún þá sagt honum að koma til hennar í morgunkaffi og sækja Paulu Sveinsdóttur, eiginkonu Sigurðar, og gætu þau orðið samferða upp á spítala, en á þessum tíma bjó Paula hjá henni. Hafi ákærði ætlað að undirbúa flutning á Sigurði af spítalanum með flugvél til Sauðárkróks þennan morgun. Hringdi ákærði síðan úr samkvæminu til Lindu, og kveður hann, að

klukkan muni þá hafa verið um 7.30. Ólafur, eiginmaður hennar, kom í símann. Ákærði kveðst hafa beðið hann um að fá að tala við Lindu, en hann hafi ekki viljað það og lagt símann á. Ákærði kveðst hafa hringt svo til strax aftur og hafi Ólafur þá spurt hann að því, hvað hann hefði við Lindu að tala. Ákærði hafi þá svarað: „Meðal annars spyrja hana að því, hvort ég ætti að gifta mig aftur“. Ólafur hafi svarað honum því, að það væri mál ákærða og honum óviðkomandi. Lauk þar með samtalinu.

Vitnið Ólafur Kristinsson verzlunarmaður, Klapparstíg 27 hér í borg, sem er kvæntur Auði Lindu Zebitz, systur Hjördísar Ullu heitinnar, hefur borið, að þennan morgun hafi ákærði hringt heim til þeirra hjóna. Það leit ekki á klukku, þegar síminn hringdi, en álitur, að hún hafi þá verið um 7.30. Vitnið tók upp símann. Minnir það, að ákærði hafi spurt um konu þess og það þá svarað: „Hún hefur ekkert við þig að tala“. Lagði það síðan símaáhalðið á. Vitnið kveður, að ekki hafi svo verið að heyra, að ákærði væri ölvaður og hafi hann talað mjög skýrt og greinilega, en það hafi hann ekki gert ölvaður. Ákærði hringdi svo til strax aftur og sagði við vitnið, sem fór aftur í símann: „Ég ætla bara að láta vita af því, að ég ætla að gifta mig í dag“. Vitnið svaraði þá: „Það er þitt eigið mál og mér óviðkomandi“, og varð ekki meira úr samtalinu.

Ákærði kveðst síðan, eða um kl. 7.30, hafa farið úr samkvæminu, og náði hann í leigubifreið úti á götu. Hann kveður, að áfengið, sem hann hafði neytt, hafi svifið meira á hann við að koma út í kuldann en ella, því að hann mundi ekki gerla viðskipti sín við stjórnanda bifreiðarinnar nema það, að hann hafi „stungið“ ákærða „af“ fyrir utan Hótel Skjaldbreið, þar sem ákærði ætlaði sér að kaupa pilsner og nokkra pakka af vindlingum, en fékk ekki afgreiðslu.

Bifreiðarstjórinn var vitnið Sveinn Júlíus Ásmundsson, Álftamýri 8 hér í borg, og er framburður þess sem hér greinir:

Vitnið kveðst hafa verið um kl. 7.45 þennan morgun á leið í bifreið sinni frá heimili sínu að Bifreiðastöð Reykjavíkur í Lækjargötu. Þegar það var statt á Laugavegi milli Vitastígs og Frakkastígs hafi maður, sem stóð á gangstéttinni, veifað til þess. Hafi þetta verið ákærði, sem það þekkir í sjón, og hafi hann komið inn í bifreiðina. Vitnið hafi þá séð, að hann var drykkjusjúkaður, en virtist ekki vera mikið undir áhrifum áfengis. Hann hafi óskað eftir því, að ekið yrði að Kvisthaga 25. Það hafi síðan ekið um Laugaveg, Bankastræti og Lækjargötu,

en nokkuð fyrir sunnan Iðnó hafi hann spurt, hvort vitnið ætti vindlinga, en það kveðið nei við. Hafi hann þá beðið það um að aka að Hótel Skjaldbreið, en það haldið áfram suður Frikirkjuveg. Hann hafi þá orðið vondur og spurt, hvert vitnið ætlaði að aka, en það svaraði honum, að það ætlaði að aka hringinn um tjörnina til baka, þar sem það gæti ekki snúið við á götunni. Hann hafi þá svarað: „Þið eruð alltaf svona þessir helvítis gömlu bílstjórar, þið viljið alltaf ráða“. Önnur orðaskipti hafi ekki orðið á milli þeirra, og kveðst vitnið hafa ekið að greindu hóteli. Ákærði hafi hringt þar á bjöllu og farið inn í hótelið. Vitninu hafi ekki litizt á að aka ákærða og ekið á brott án þess að fá greiðslu ökugjaldsins. Vitnið kveðst hafa ekið rakleitt á bifreiðastöðina og þegar það var komið þangað, hafi klukkuna vantað 7 mínútur í átta, en vitnið leit á úr sitt. Vitnið kveður, að ákærði hafi ekki verið með neinn æsing, heldur aðeins öflugur í bifreiðinni. Hann hafi verið í víðum gráum frakka og að því er það minnir verið berhöfðaður, Vitnið kveðst ekki hafa séð, að hann væri með áfengisflösku eða hníf.

Vitnið Guðmann Pálsson, Höfðaborg 19 hér í borg, var næturvörður á Hótel Skjaldbreið í umrætt skipti, og kveður það, að vaktin hafi verið frá kl. 2330 að kvöldi til kl. 8 að morgni. Það kveðst muna, að þennan morgun, skömmu áður en það hætti á vaktinni, hafi dyrabjöllu hótelsins verið hringt og fyrir utan dyrnar hafi staðið maður, frekar lágvaxinn og feitlaginn, í dökkum frakka og með dökkan hatt á höfði. Maðurinn hafi komið aðeins andartak inn í anddyri hótelsins og óskað eftir að fá keypta eina flösku af pilsner, en þegar það hafi ekki verið hægt, hafi hann snúið aftur út og hafi þá bifreiðin, sem hann hafði komið í, verið farin. Maðurinn hafi þá sagt: „Hann hefur sennilega stungið mig af“ og beðið vitnið um að hringja í bifreið. Það hafi vitnið gert, en bifreið ekki fengizt og hafi maðurinn þá farið á brott frá hótelinu gangandi. Vitnið kveðst ekki hafa merkt, að hann væri undir áhrifum áfengis, en fum hafi verið á honum og hann virzt vera að flýta sér. Vitnið kveðst ekki þekkja ákærða í máli þessu og segir, að enginn annar en það geti hleypt mönnum inn í hótelið að næturlagi.

Ákærði kveðst síðan hafa gengið frá Hótel Skjaldbreið að söluturninum við Vesturgötu, sem er við hús nr. 2, í von um að fá þar vindlinga, en þar var ekki búið að opna. Hann ætlaði nú að fara í skrifstofu sína þar rétt hjá til að hringja í leigubifreið, en hitti þá starfsmann sinn, Jón Frímann Eiríksson að nafni, sem

bauðst til að aka honum vestur á Sólvallagötu 63, þar sem hann átti heilt „karton“ af vindlingum, sem hann hafði keypt kvöldið áður. Ákærði kveður, að það hafi verið upphafleg ætlun hans að fara aftur með Jóni Frímanni á vinnustað þeirra og láta renna meira af sér, en þar sem ekki munaði nema hálfri klukkustund, hafi hann ákveðið að nota ökuferðina og fara strax á Kvisthaga 25. Hann hafi því beðið Jón Frímann um að bíða, á meðan hann færi inn eftir vindlingunum. Hann kveðst hafa opnað „kartonið“ með öðrum eldhúshníf sínum, kjöthnífnum, og tekið úr því dag-skammt sinn, eða þrjá pakka. Ákærði kveðst hafa fengið þá fáránlegu hugdettu við að opna „kartonið“ með hnífnum að taka hann með sér og skipta við Hjördísi Ullu á honum og öðrum hníf, ryðguðum, sem hann hafði sent henni nokkru áður, sbr. það, sem rakið verður nánar í B liðum í þessum og IV. kafla dóms þessa. Þá kveðst hann hafa tekið úr sömu eldhússkúffu og hnífurinn var í, lítinn buffhamar til að banka með, ef ekki væri búið að tengja nýja dyrabjöllu á Kvisthaga 25. Hann hefði enga stund verið inni hjá sér og hafi Jón Frímann síðan ekið honum að Kvisthaga 25. Muni ákærði hafa farið úr bifreiðinni nokkru fyrir kl. 8, því að Jón Frímann ætlaði sér að vera kominn til vinnu sinnar á réttum tíma, eða kl. 8.

Vitnið Jón Frímann Eiríksson iðnverkamaður, Heiðargerði 96 hér í borg, kveðst hafa unnið í 4—5 síðastliðin ár hjá fyrirtæki ákærða, Gluggum h/f. Um kl. 8 greindan morgun hafi það verið í bifreið á leið til vinnu sinnar í Hafnarstræti 1 og hafi það lagt bifreiðinni í staði á horni Vesturgötu og Grófarinnar. Vitnið hafi síðan gengið um Vesturgötu áleiðis að Hafnarstræti 1 og mætt þá ákærða á móts við söluturn að Vesturgötu 2. Hann hafi spurt það, hvað það væri að gera þarna, og það þá sagzt vera að mæta til vinnu. Hann hafi þá sagt eitthvað á þá leið, hvort klukkan væri orðin svona margt. Hann hafi beðið það um að aka sér að Sólvallagötu 63 til að sækja vindlinga, en ekki hafi verið búið að opna greindan söluturn. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki verið mikið ölvaður, en sjáanlega undir áhrifum áfengis og það hafi ekki séð annað óeðlilegt í fari hans. Vitnið hafi síðan ekið honum að Sólvallagötu 63 og eftir 2ja til 3ja mínútna dvöl þar hafi hann komið aftur út og beðið það um að aka sér að Kvisthaga 25. Erindið þangað væri að hitta Paulu, en vitnið kannast við hana, og ætlaði hann að aðstoða hana við að ganga frá málum hennar út af sjúkum eiginmanni hennar. Vitnið minnir, að ákærði hafi verið búinn að biðja um akstur-

inn að Kvisthaga 25, áður en hann fór inn í húsið Sólvallagötu 63. Vitnið kveðst ekki hafa séð, að hann væri með hníf eða áfengisflösku í ökuferð þessari, og kveður, að hann hafi verið rólegur. Þeir hafi ekki rætt mikið saman, en ákærði hafi talað um að efla fyrirtækið. Vitnið kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvað klukkan var, þegar það skildi við hann við Kvisthaga 25, en segir, að hann hafi gengið strax heim að húsinu. Það hafi síðan ekið á brott og hafi klukkan í húsakynnum fyrirtækisins í Hafnarstræti 1 verið 8.15, þegar það kom þangað, en ferðin hafi gengið fljótt og án umferðartafa.

B. Verður nú rakinn endanlegur framburður ákærða um, hvað gerðist á Kvisthaga 25.

Hann kveðst hafa gengið rólega að húsinu og upp tröppurnar. Hnífurinn var í vinstri jakkavasa hans, og sneri oddurinn upp, en frakki hans var aðhnepptur. Hann hringdi útidyrabjöllunni á 1. hæð með þremur stuttum hringingum, og þekkti Hjördís Ulla þá hringingu hans vel. Hún kom fram að útihurðinni og tók gluggatjaldið lítillega til hliðar. Hristi hún höfuðið, gretti sig framan í hann og gekk inn í forstofuna. Hann hringdi bjöllunni þá lengi og samfelld, en það bar engan árangur. Hann tók þá buffhamarinn upp úr jakkavasa sínum, barði með honum mörg högg í dyrakarminn og hrópaði um leið, en enginn svaraði. Honum tókst heldur ekki að ná upp í glugga herbergis þess, sem hann vissi, að Paula svaf í. Hann hrópaði nú nafn Paulu eins hátt og hann gat, hringdi aftur dyrabjöllunni og sló með hamrinum í dyrakarminn. Byrjaði honum þá að renna í skap. Hjördís Ulla kom nú fram að útihurðinni, kreppti hnefa illilega framan í hann og gretti sig, en sagði ekkert. Jók það reiði hans. Hún ætlaði síðan að ganga í burtu, en hann braut þá rúðu í útihurðinni, teygði sig inn með aðra höndina og opnaði að innanverðu. Hann gekk síðan inn í forstofuna, stakk hamrinum í jakkavasann og hneppti að sér frakkanum. Hjördís Ulla bandaði honum frá og átaldi hann fyrir að koma ölvaður á heimili hennar, sem hann hefði verið búinn að lofa 2. janúar s.l. að gera ekki, og bað hann um að láta ekki börnin sjá sig. Hann kvaðst ekki vera kominn til að heimsækja hana, heldur Paulu og að sækja hana. Rekur ákærði síðan nokkur orðaskipti þeirra, og voru það uppnefni og persónulegar svívirðingar á báða bóga. Þetta samtal þeirra var þó eigi mjög hávært. Hann tók hattinn af höfði sínu og skóhlífar af fótum sér. Man hann ekki betur en hann hafi hitt Paulu í ganginum fyrir framan herbergi hennar og hún hafi

gengið á undan honum inn í herbergi sitt. Hjördís Ulla gekk í átt til eldhússins.

Þegar ákærði kom inn í herbergi Paulu, settist hún á dívan og jafnframt sá hann, að Sara dóttir hennar reis upp af dívaninum að baki hennar. Hann ávitaði Paulu fyrir að hafa ekki svarað honum, enda þótt hún vissi, að hann væri kominn til að sækja hana og aðstoða við flutning á manni hennar norður. Ásakaði hann hana einnig fyrir að hlýðnast Hjördísi Ullu frekar en honum og að búa hjá henni hér í borginni. Paula kvaðst þá hafa flutt til Hjördísar Ullu vegna barnanna. Róaðist hann þá og þakkaði henni fyrir. Frekari orðaskipti fóru fram milli þeirra. Hann sagði henni meðal annars, að hann hefði þennan morgun tekið með sér að heiman beittan eldhúshníf til að skipta við Hjördísi Ullu á honum og ryðgaða hnífnum, sem Paula hefði farið með fyrir hann til hennar á aðfangadag til að rifja upp og minna hana á gamlan leiðindaatburð úr Mávahlíðinni, þegar hún ætlaði að skera hann. Hjördís Ulla hefði tvisvar verið búin að lofa honum að láta hann fá þennan hníf aftur, sem hún segði, að væri bitlaus og kæmist ekki í gegnum spikið á honum. Í skiptum væri hann meira að segja búinn að færa henni skilyrta dýrmæta gjöf. Hann sagði Paulu einnig, að faðir hans hefði sagt honum, að sendingin á hinum ryðgaða hníf gæti orðið mistúlkuð. Hann sagði Paulu enn fremur, að Hjördís Ulla mundi ekkert gera sér illt með þessum hníf, en hann óttaðist, að tengdamóðir hans kynni að gera honum einhverja bölvun, ef hún kæmist yfir hnífinn. Loks sagði ákærði þeim mæðgum, að nú léti hann ekki Hjördísi Ullu svíkja sig lengur um skil á hinum ryðgaða hníf. Mundi hann nú nota tækifærið og skipta við hana á hnífum, og það án undanbragða.

Ákærði tók nú kjöthnífinn, sem var í umbúðum, upp úr vinstri jakkavasa sínum, lagði hnífinn flatan í lófa sína, hampaði honum og kastaði honum flötum upp úr lófunum nokkra sentimetra, en greip hann aftur, svo að Paula gæti sem bezt séð hann. Bað hún hann í guðs bænum um að vera ekki með hníf þarna í íbúðinni og bað hann um að láta sig hafa hann og bauð honum að annast skipti hnífanna fyrir hann. Hann þáði því miður ekki boð hennar, af því að hún bæði var á förum og að hann treysti henni til að skipta á þeim svo og vegna þess, að hann af frekju vildi gera það sjálfur. Hann stakk hnífnum með umbúðunum síðan í utanverðan hægri frakkavasa sinn og sagði við mæðgurnar, að á meðan þær klæddu sig, ætlaði hann að fara fram til

Vilhjálmur sonar síns, sem hann hafði heyrt til. Gekk ákærði síðan fram í eldhús til hans, þar sem hann var að drekka, og kom Hjördís Ulla þá þangað með skólatösku hans og bækur. Hún sagði ákærða, að hann mætti ekki tala við Vilhjálmi. Ætti hann að snauta aftur inn í herbergi Paulu og skammast sín. Kvaddi hann þá son sinn og ætlaði að fara inn í herbergi Paulu, en þá skauzt Hjördís Ulla fram fyrir hann og á undan honum inn í herbergið og skellti hurðinni á hann. Hann heyrði, að hún hvíslaði einhverju að þeim mæðgum, og ýtti hann þá hurðinni upp. Rauk Hjördís Ulla þá út úr herberginu og lokaði vandlega á eftir sér. Ákærði heyrði síðan, að Vilhjálmur skellti útihurðinni á eftir sér á leið í skólann. Um leið kom Hjördís Ulla inn í herbergi Paulu í æðiskasti og með óbótaskömmum og svívirðingum um ákærða, og svaraði hann henni fullum hálsi. Telur hann, að klukkan hafi þá verið um 8.15. Hann hefur tilgreint 12 ummæli Hjördísa Ullu og 13 ummæli sín. Meðal annars kvað hann hana hafa rekið sig að heiman vegna neyzlu áfengis og þannig ýtt honum vitandi vits út í meiri drykkju. Hún hafði sagt, að með sendingu hnífsins væri hann að rifja upp gamlan leiðinda-atburð, sem hann hafi verið hátíðlega búinn að lofa henni að gleyma og minnast aldrei á. Hann sagðist aldrei hafa gleymt því, jafnvel þó að hann þegði um það, og fyrir lengri þögn hans væru forsendur. Auk sjónvarps hafi ætlun hans verið að gefa þeim Volkswagen-bifreið, en aðkoman að Sólvallagötunni og framkoma hennar með börnin hefðu breytt því í ryðgaða kutann, sem hún væri tvíbúin að lofa að láta hann fá aftur, en svikið. Hinn 2. janúar hefði hún sagt, að sá ryðgaði biti ekki, en hér í vasanum kvaðst hann vera með annan hníf, sem biti, og ætlaði hann að nota þessa ferð til að skipta við hana á hnífum. Ákærði tók nú hnífinn upp úr frakkavasa sínum og sýndi Hjördísi Ullu hann. Hampaði hann honum framan í hana á sama hátt og hann hafði sýnt hann þeim mæðgum. Hún stappaði niður fæti og sagði reiðilega, að hún þægi ekki fleiri hnífa frá honum að gjöf og að sá ryðgaði væri nægilegur. Ef hann styngi ekki hnífnum í vasann, mundi hún hringja á lögregluna. Stakk hann þá hnífnum með umbúðunum aftur í utanverðan frakkavasa sinn.

Orðasenna hófst nú á milli þeirra. Hann sagði við hana, að mágkona hennar hefði sótt um skilnað við eiginmann sinn, þegar hann hefði hætt að berja hana, og sagðist ákærði vilja

sýna fyrrverandi konu sinni, hvernig eiginmaður þessi hefði barið konu sína. Lagði hann svo handarbaksbrúnir með flötum lófum, þannig að þumalfingur sneru að honum, á hnakka hennar, aftan beggja eyrna og sagði m. a.: „Skass eins og þig ætla ég að íslenzkum sið að hýða, þótt seint sé, eins og óþekkan krakka til að taka úr þér mesta hrokann, brjálæðið og öfgarnar“. Hún ætlaði að fara út úr herberginu, en hann greip þá með hægri hendi aftan á háls hennar, rétti vinstri fót fram, brá henni og keyrði hana niður á grúfu á hné sér eða læri. Um leið kraup hann á gólfið, skipti um hönd á hálsi hennar og gerði sig líklegan til að hýða hana með hægri hendi. Voru það þó meira tilbúðir en alvara. Hann minnst þess ekki að hafa átt nokkuð við hnífinn í þessum átökum, en þó geti verið, að hann hafi lagað hann eitthvað til í vasa sínum.

Paula stökk nú á ákærða „sem köttur“, þreif hnífinn úr hægri frakkavasa hans og hrinti honum um leið úr hnéstellingunni, svo að hann datt á vinstri hlið. Um leið fóru plastumbúðirnar af hnífnum á gólfið. Hún settist á dývaninn, en ákærði greip með vinstri hendi utan um hnífsblaðið fram við oddinn, en stimpaðist við Hjördísi Ullu með hægri hendi, og reyndi hún einnig að ná hnífnum. Ákærði hrinti henni frá sér með hægri hendi, en sleppti ekki taki vinstri handar á hnífsblaðinu. Greip hann síðan með hægri hendi utan um vinstri úlnið Paulu til að losa tak hennar á hnífskaftinu. Í þessum átökum lenti hnífsegginn á vinstra læri Paulu og hlaust af allstór skurður, sem mikið blæddi úr. Hún sleppti þá takinu á hnífnum og hrópaði á hjálp. Sara tók ekki þátt í átökum þessum, nema hvað hún hjálpaði Hjördísi Ullu að standa upp úr hýðingarstellingunum, sem hann hafði komið henni í. Hann stakk nú hnífnum í vinstri jakkavasa sinn og lét oddinn snúa upp, svo að hnífurinn skæri ekki fót hans, en hnepti síðan að sér frakkanum. Við áverka Paulu var allur ofsi horfinn, og voru þau öll óhugnaði slegin. Paula fór fram á salerni til að binda um sárið, en ákærði, Sara og Hjördís Ulla voru kyrr í herbergi Paulu og ræddu um það, hvort hringja ætti í lækni. Eftir smástund kom Paula aftur og hafði ekki fundið neitt til að binda utan um sárið. Náði ákærði þá í handklæði handa henni og batt vasaklút um sín eigin sár. Hjördís Ulla fór síðan út úr herberginu. Sara batt handklæðið um sár Paulu. Ákærði bað þær mæðgur um að flýta sér að klæða sig og pakka dóti Paulu saman, svo að þau kæmust af stað upp á Landspítala.

Væri bæði fljótlegra og betra að fá gert þar við sár Paulu en bíða eftir lækni þarna í íbúðinni. Fór hann svo út úr herberginu, til þess að þær mæðgur gætu klætt sig.

Þegar ákærði kom fram í innri forstofuna, sá hann og heyrði, að Hjördís Ulla var að tala í símann, en lagði áhaldið svo á. Hann spurði hana að því, hvert hún hefði verið að hringja, og sagðist hún þá hafa verið að hringja á lækni vegna meiðsla Paulu, en réttara hefði verið að hringja á lögreglu. Hann kvað það vera óþarfa, því að þau Paula færu senn að fara, og að hann mundi strax láta starfsmenn sína setja nýja rúðu í útihurðina, en áður en hann færi, vildi hann fá ryðgaða hnífinn. Um leið og minnst var á þann hlut, espaðist hún upp. Í þessu heyrðu þau þrusk í ytri forstofunni og sáu, að kona að nafni Emma, sem bjó á næstu hæð fyrir ofan, var þar komin og spurði, hvað gengi eiginlega á. Ákærði svaraði henni engu, en Hjördís Ulla bað hana um að hringja á lögreglu, því að ákærði væri óvelkominn í íbúðinni. Emma fór þá strax út, en Hjördís Ulla fór inn í svefnherbergið og læsti dyrunum á eftir sér. Hann bankaði á dyrnar, og kom hún þá fram og kvaðst hvergi hafa frið fyrir honum. Gekk hún svo fram og aftur um innri forstofuna. Hófust síðan nokkur orðaskipti milli þeirra. Hefur ákærði tilgreint 11 ummæli hvors þeirra, og vörðuðu þau meðal annars mæður þeirra. Orð hennar um móður hans særðu hann mjög, og fylltist hann ofsareiði. Hann krafðist þess að fá ryðgaða hnífinn aftur, en hún sagðist ekki hafa hann. Hann kvað það vera lygi. Hann hnepti nú frá sér frakkanum, tók hnífinn úr jakkavasa sínum og lagði hann flatan í báða lófa sína og rétti hann þannig með framréttnum lófum að henni og sagði m. a., að hér væri hnífur til að skipta á, hnífur, sem biti, og ætti hann að duga henni næst, þegar hún reyndi að skera drukkin og sofandi mann. Hún sagðist aldrei skyldi láta hann fá ryðgaða hnífinn og bætti við: „Í Mávahlíðinni varstu mér þess virði, að ég skæri þig, því að þú elskaði ég þig, en núna ertu mér ekki meira virði en þessi hráki“. Hún trylltist algerlega og hrækti einu sinni eða oftár framan í hann, stappaði niður fótunum og sagði af grimmdarlegri heift: „Ég er búin að gera ráðstafanir til, að þú verðir ævilangt lokaður inni á Kleppi, og ég skal taka allt af þér, Glugga, Sólvallagötuhúsið, bækurnar og allt saman. Ég skal sjá um, ég skal, ég skal sjá um, að þú fái aldrei, aldrei að sjá börnin, því að þú ert ekki þeirra verður“. Að þessu mæltu ætlaði hún að strunsa í burtu frá honum. Hann varð gripinn ólýsanlegri ofsareiði og algeru brjálæði, og gat hann

alls ekki stjórnað gerðum sínum. Hann greip með vinstri hendi sinni í hægri öxl hennar, kreppti hægri hönd sína um hnífsskaftið og vó hana með fleiri en einni stungu og sagði um leið: „Þá þú ekki heldur“. Hún hneig niður og lagði hann hana á gólfið.

Hann heyrði nú, að Paula eða Sara kallaði og spurði, hvort lækknirinn færi ekki að koma. Hann fór inn í herbergið til þeirra, bað Paulu um að vera rólega og sagði, að sár hennar væru ekkert á móti öðru. Hann lagði hnífinn í gluggakistu í herberginu. Hann heyrði Guðrúnu dóttur sína kalla inni í svefnherberginu. Bað hann hana þá um að vera rólega og lokaði hurð þess. Sara kom fram í innri forstofuna, og þegar hún sá Hjördísi Ullu liggjandi á gólfinu, hljóðaði hún upp yfir sig og þaut aftur inn í herbergið til móður sinnar. Hann kveðst nú til að forða því, að börn hans sæju móður sína látna, hafa borið hana inn í baðherbergið og látið hana á grúfu í baðkerið. Því næst fór hann inn í herbergi Paulu, tók hnífinn úr gluggakistunni og setti hann upp í skáp í herberginu. Þær mæðgur báðu hann um að hringja á lögreglu, og svaraði hann því til, að það mundi þegar hafa verið gert, en annars mundi hann gera það, þó ekki fyrr en börnin væru farin. Hann fór nú að reyna að hreinsa blóðið í forstofunni, og kom þá Sara til hans og vildi hringja í síma. Hann sagði henni þá, að hann skyldi hringja fyrir hana í bifreið, þegar hún væri tilbúin að fara með börnin heim til systur sinnar á Grundarstíg 5. Hún sagði þá, að hún færi ekki, fyrr en búið væri að gera að sári móður hennar. Rétt á eftir kom Jón Jakobsson, sem bjó á efri hæð hússins, inn í ytri forstofuna og spurði, hvort eitthvað væri að og hvort hann gæti eitthvað gert. Ákærði svaraði, að það væri búið og það væri ekkert, sem hann gæti bætt úr. Fór Jón þá við svo búið. Nær strax eftir þetta komu lögreglumenn á vettvang og handtóku ákærða.

Framburður vitnisins Margrétar Ingibjargar Paulu Sveinsdóttur (hér að framan og síðar nefnd Paula) er þessi:

Vitnið dvaldist á heimili Hjördísar Ullu frá því laust fyrir miðjan nóvember f. á., fyrst á Sólvallagötu 63 og síðan á Kvisthaga 25, meðan eiginmaður þess lá veikur á Landspítalanum. Vitnið skýrir þannig frá atburðum:

Um kl. 8 greindan morgun vaknaði vitnið við, að dyrabjöllu íbúðarinnar var hringt, og strax á eftir fylgdi barsmíð á hurðina. Einnig heyrði það einhvern hávaða fyrir utan. Dóttir vitnisins, Sara að nafni, svaf þessa nótt í herberginu hjá því, og vaknaði hún einnig við hávaðann. Í beinu framhaldi af hringingunni og

hávaðanum braut sá, sem úti var, rúðu og ruddist inn. Var þetta ákærði. Hann ruddist þegar inn í herbergið til þeirra mæðgna. Vitnið álitur, að hann hafi ekki verið mikið ölvaður, en hann var ákaflega æstur í skapi. Hann sagði við vitnið, að hann væri kominn til að fara með það út á flugvöll. Vitnið tekur hér fram, að það hafi ætlað að fara með eiginmann sinn í flugvél til Sauðárkróks kl. 11 þennan dag, en ákærði hafi ekkert haft með undirbúning þess að gera. Hins vegar hafði hann komið í sjúkrahúsið tveimur dögum áður og ráðgert að koma út á flugvöll til að kveðja frænda sinn, þegar hann færi. Vissi hann, að það átti að verða þennan dag. Ákærði ávitaði vitnið fyrir að hafa ekki opnað útidyrnar fyrir honum. Nokkur orðaskipti fóru síðan fram milli þeirra. Vitnið minnst þess ekki, að hann segði því, að hann hefði ekki komið heim að Sólvallagötu fyrr en þá um morguninn og fundizt þá of stuttur tími til að leggja sig, en þangað hefði hann sótt vindlinga og opnað nýtt „karton“ með beittum eldhúshníf. Vitnið minnst þess heldur ekki, að hann segði, að hann hefði tekið með sér eldhúshníf eða annan hnif til að skipta við Hjördísi Ullu á honum og öðrum ryðguðum hnif eða öðrum hnif. Minnst vitnið þess ekki, að hann talaði um nokkurn hnif. Allt í einu sá vitnið, að ákærði dró upp hnif úr vasa sínum, og var hann í einhvers konar hulstri eða umbúðum og virtist alveg nýr. Hann hafði hnifinn í höndunum fyrir framan sig, og heldur vitnið, að hann hafi lyft honum léttilega. Það man ekki, hvort hann tók hífinn úr hulstrinu eða umbúðunum eða hvort það eða þær féllu á gólfið. Það heldur, að hann hafi sagt eitthvað, en man ekki, hvað það var. Vitnið varð hrætt við framferði ákærða, en minnst þess ekki, að það bæði hann um að afhenda sér hnifinn. Hann stakk hnífnum síðan á sig og fór út úr herberginu. Vitnið heyrði svo mannamál inni í íbúðinni, en heyrði ekki orðaskil. Gekk það út frá því, að ákærði væri að tala við einhvern, og heyrðist því jafnvel, að hann væri að deila við einhvern. Vitnið getur ekki sagt um, hve lengi það heyrði þetta mannamál. Hjördís Ulla kom svo inn í herbergið til þeirra mæðgna og bað þær um að klæða sig. Minnir vitnið, að hún hafi síðan farið út úr herberginu, en komið svo aftur inn til þeirra. Áður en hún kom aftur, heyrði vitnið, að útidyrhurðinni var skellt, og gekk það út frá því, að eitt barnanna væri að fara í skólann.

Vitnið getur ekki munað annað betur en ákærði hafi komið eftir skamma stund inn í herbergið, og örugglega voru þau bæði,

hann og Hjördís Ulla, stödd saman þar inni. Svo til um leið og hann kom inn í herbergið, sló hann hana í andlitið, en vitnið getur ekki sagt um, hvort það var með báðum höndum eða annarri eða hvorri eða með flötum lófa eða krepptum hnefa. Hún féll við höggið, og lenti höfuð hennar milli gluggans og legubekkjarsins, þar sem vitnið sat. Vitnið man ekki betur en hann hafi tekið með annarri hvorri hendi sinni um kverkar hennar og sá nú, að hann var kominn með hníf hátt á loft í hægri hendi. Var vitnið þá ofsahrætt, og komst ekkert annað að hjá því en að reyna að ná hnífnum. Það stóð á fætur, greip í handlegg ákærða, þeirrar handar, sem hnífurinn var í, og gat náð með hægri hendi sinni góðu taki á skafti hnífsins, en með vinstri hendinni reyndi það að ná hönd ákærða af hálsi Hjördísar Ullu. Þegar vitnið var að reyna að ná hnífnum, losaði ákærði takið af hálsi hennar. Jafnframt tókst Söru að draga Hjördísi Ullu undan ákærða, og var hún þá í hýðingarstellingum. Vitninu tókst ekki að ná hnífnum af ákærða, en Hjördís Ulla varð laus og hljóp inn í íbúðina. Ákærði sagði ekkert, á meðan á þessum sviptingum stóð, en vitnið hrópáði á hjálp af öllum mætti. Í sviptingunum, sem stóðu ekki langa stund, fékk vitnið áverka á vinstra lærið af hnífnum, en það getur ekkert sagt um nánari atvik að því. Kveðst vitnið enga ástæðu hafa til að ætla, að ákærði hafi veitt því áverkann af ásettu ráði, heldur telur það, að þetta hafi verið óhapp. Vitnið segir, að það geti verið, að ákærði hafi haldið um blaðið á hnífnum, því að það náði góðu taki á skafti hans.

Sara fór á eftir Hjördísi Ullu út úr herberginu og ákærði einnig litlu seinna. Vitnið getur ekki sagt um, hvort hann var þá með hnífinn á lofti, enda lá það á gólfinu, og blæddi mikið úr því. Vitnið man svo ekki vel, hvað gerðist næst. Það minnst þess þó, að það kallaði á Söru, og kom hún inn til þess, aðstoðaði það og stumraði yfir því. Ákærði kom einnig aftur inn í herbergið nokkru síðar. Sara fór aftur út í innri forstofuna og ætlaði að hringja á lækni, en vitnið veit ekki, hvort hún gerði það, og getur heldur ekki sagt um, hvort ákærði meinaði henni að gera það. Vitnið segir þó, að rétt áður en lögreglumenn komu á vettvang, bað Sara um að hringt yrði á hjálp, en ákærði sagði þá, að Hjördís Ulla væri búin að hringja á lækni og Emma mundi hafa hringt á lögreglu. Ákærði kom inn í herbergið með blóðugan hnífinn og lét hann inn í skáp þar. Vitnið segir, að ákærði hafi verið mjög rólegur eftir það, sem nú hafði gerzt, og var hann allur annar en þegar hann kom fyrst inn í húsið. Vitnið

getur ekki sagt um, hve langan tíma framangreindir atburðir stóðu yfir, enda leit það ekki á klukku, sem lá á gólfinu í herberginu eftir sviptingarnar. Vitnið heldur, að komið hafi til rifrildis milli ákærða og Hjördísar Ullu, áður en það særðist, og man það eftir talsvert miklum hávaða á milli þeirra. Þó nokkur orðaskipti áttu sér stað milli þeirra um morguninn, en vitnið treystir sér ekki til að segja neitt um einstök orð þeirra, enda var það felmtri slegið og meira en það.

Ákærði neitar því, að hann hafi slegið Hjördísi Ullu í andlitið inni í herbergi vitnisins Paulu eða tekið fyrir kverkar hennar, en kveðst hafa tekið með annarri hendinni á aftanverðan háls hennar og sett hana á hné sér í hýðingarstellingar. Þá neitar hann því, að hann hafi síðan tekið hnífinn úr vasa sínum og hafið hann á loft, heldur hafi vitnið Paula tekið hnífinn úr hægri vasa hans. Kveður hann, að frásögn vitnisins um hnífinn og sviptingarnar milli hans og Hjördísar Ullu svo og milli hans og vitnisins sé röng, en hans frásögn rétt.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og vitnisins Paulu þrátt fyrir sampröfun þeirra.

Sara Sigurðardóttir starfsstúlka, Barónsstíg 25 hér í borg, sem er systkinabarn við ákærða, hefur borið vitni í málinu og skýrir þannig frá atvikum:

Aðfaranótt 7. janúar s.l. svaf vitnið í íbúð Hjördísar Ullu að Kvisthaga 25 í herbergi því, sem Paula móðir þess hafði og svaf þá í. Um morguninn vaknaði vitnið við það, að dyrabjöllunni var hringt, og telur það, að klukkan hafi þá verið um 8 leytið. Töldu þær mæðgur af hávaðanum fyrir utan, að þar væri ákærði á ferð. Reyndist það vera rétt. Þær urðu síðan varar við, að hann braut rúðu í útidyrhurðinni, og kom hann inn í herbergi þeirra. Ákærði var undir áhrifum áfengis og mjög æstur. Dró hann upp úr frakkavasa sínum hníf í plastumbúðum og sveiflaði honum í kringum sig. Hann fór að rífast við þær mæðgur um Hjördísi Ullu og börn þeirra, sem hann vildi fá til sín. Eftir frekar stutta stund fór hann inn í íbúðina til Hjördísar Ullu, og rifust þau, en vitnið heyrði ekki orðaskil. Hún kom síðan inn til þeirra mæðgna og bað þær um að klæða sig og koma fram í íbúðina, en þeim gafst ekki tími til þess, þar eð ákærði kom á hæla hennar. Hún bað hann með góðu um að fara fram, en hann neitaði því og tók hana kverkataki, en síðan dró hann upp hníf. Paula reyndi þá að ganga á milli, en fékk við það hnífstungu. Hjördís Ulla lá þá á gólfinu í herberginu og ákærði ofan á henni. Vitnið reyndi að

draga hana undan honum, og tókst henni þá að komast fram í innri forstofuna, en ákærði fór þá á eftir henni. Jafnframt reyndi vitnið að stöðva blóðrásina úr sári móður sinnar. Vitnið heyrði nú, að yngsta barnið var vaknað, og kom það skömmu síðar inn í herbergið til þeirra mæðgna. Fór vitnið nú fram í forstofuna og sá þá Hjördísi Ullu liggjandi í blóði sínu við síma-borðið. Ákærði var þá staddur í forstofunni, en vitnið sá ekki hnífinn. Það ætlaði að hringja á lögreglu og lækni, en ákærði reif það frá símanum, svo að það gat ekki hringt. Næst varð vitnið vart við, að konan á efri hæð hússins kom að útidyrnum og spurði, hvort eitthvað væri að. Ákærði fór til dyranna og svaraði henni, að ekkert væri að hér. Hann kom svo aftur inn í herbergið til þeirra mæðgna og var þá með hnífinn, sem hann lét upp í skáp þar, en fór svo aftur út í forstofuna og bar Hjördísi Ullu inn í baðherbergið. Hann gekk síðan til útidyranna og kom þá í flasið á lögreglumönnum.

Framangreind frásögn er framburður vitnisins í sakadómi 7. og 11. janúar s.l. Vitnið kom enn fyrir dóminn 27. f. m. Vitnið kvaðst þá ekki minnst þess, að ákærði segði eitthvað, eftir að hann var kominn inn í herbergið til þeirra, en áður en hann dró upp hnífinn eða á meðan hann veifaði honum. Kveður vitnið, að nákvæmara sé að segja, að hann hafi veifað hnífnum heldur en sveiflað honum í kringum sig. Hnífurinn hafi þá ekki verið í umbúðum. Hann stakk honum síðan í vasa sinn og fór út úr herberginu, en það vissi ekki í hvaða skyni, og minnst það þess ekki, að það hafi heyrt mannamál utan úr íbúðini. Þær mæðgur voru kyrrar í herbergi sínu, en svo kom Hjördís Ulla inn til þeirra og ákærði svo einnig, að því er það minnir. Vitnið kveðst nú óljóst muna næstu atburði. Það man ekki til þess, að ákærði slægi Hjördísi Ullu í andlitið eða að hún færi út úr herberginu til að útbúa börnin í skólann. Kveðst vitnið nú ekkert muna eftir nánari atvikum að meiðslum móður sinnar, en minnst þess, að hún fékk sár. Vitnið kveðst hafa reynt að gleyma því, sem gerðist 7. janúar s.l.

Vitnið Emma Pálína Jónsdóttir verkakona bjó á efri hæð Kvisthaga 25 hér í borg á greindum tíma og skýrir þannig frá atvikum:

Vitnið sefur í herbergi á efri hæð hússins, beint yfir útidyrum. Klukkan, að því er það telur, tæplega 8 greindan morgun heyrði það þrívegis barin þrjú högg á útidyrnar á fyrstu hæð hússins. Sá, sem barði, kallaði einnig, að minnsta kosti tvívegis: „Paula,

Paula“. Vitnið heyrði ekki, hvort dyrabjöllunni var hringt áður, enda heyrir slík hringing ekki í svefnherbergi þess. Vitnið taldi, að þarna væri ákærði á ferð, sem það þekkti. Það langaði til að fara út á svalir á vesturhlið hússins, en kunni ekki við það, þar eð það áleit, að það mundi æsa upp manninn fyrir utan. Smá-stund leið, og gætu það hafa verið 10 mínútur, frá því að högginn byrjuðu og þar til vitnið heyrði ryskingar á hæðinni fyrir neðan, að því er því heyrðist í ytri forstofu eða nálægt henni. Einnig heyrði það barn gráta og kalla á hjálp, og virtist hvort tveggja koma frá sama stað, og bætir við, að það hefði ekki heyrt þetta svona vel, ef þetta hefði átt sér stað innar í íbúðinni. Vitnið getur ekki fullyrt, hversu lengi ryskingarnar stóðu, en eftir þær var smá-hlé. Það hlé var rofið með því, að dyrabjöllu vitnisins var hringt ofsalega. Vitnið, sem var ekki farið að klæða sig, brá sér í slopp og fór niður að útidyrnunum. Sá vitnið þá, að mikið blóð var á bjölluhnöppunum við dyrnar upp á aðra hæð hússins svo og á dyrapallinum, og lá blóðslóðin á tröppunum milli dyranna. Dyrnar á fyrstu hæð voru opnar, og nokkuð fyrir innan þröskuldinn stóð kona, sem það hafði áður talað við og áleit vera húsmóðurina á heimilinu. Virtist hún stjórf, en að baki hennar stóð ákærði eins og steingervingur. Vitnið veitti því ekki athygli, hvort þau voru blóðug, og leit á þau aðeins augnablik. Vitnið segir, að konan hafi beðið um lögreglu, en það man ekki nákvæmlega orðaskipti þeirra. Vitnið hraðaði sér upp aftur án þess að athuga frekar ástandið á hæðinni. Vitnið mundi ekki símanúmer lögreglunnar, og kom fát á það. Barði það upp hjá syni sínum, Jóni Jakobssyni, og fékk hjá honum símanúmerið. Það hringdi síðan á lögreglustöðina, það um lögreglu á Kvisthaga 25 og tók skýrt fram, að beðið væri um, að aðstoðin kæmi strax. Sá, sem fyrir svörum varð á lögreglustöðinni, spurði, hvort um ölvun væri að ræða, og svaraði vitnið því, að svo mundi vera. Vitnið kveðst vera þess fullvisst, að klukkan hafi ekki verið meira en 8.40, þegar það hringdi á lögreglustöðina, en þrátt fyrir beiðni þess um skjóta aðstoð hafi lögreglumennirnir ekki komið fyrr en klukkan að ganga 10. Jón, sonur vitnisins, fór áleiðis til vinnu sinnar skömmu fyrir kl. 9, og örskömmu síðar heyrði vitnið stunur og barnsgrát á neðri hæðinni. Nokkru eftir að Jón var farinn, komu lögreglumenn að húsinu, og nokkru síðar fór það með vatn í íláti niður að útidyrnunum til að þrifa blóðið af þeim.

Vitnið Jón Sigurður Jakobsson fulltrúi, Kvisthaga 25 hér í

borg, sonur vitnisins Emmu Pálinu Jónsdóttur, hefur skýrt þannig frá:

Svefnherbergi vitnisins er í norðausturhorni íbúðarinnar á annarri hæð í húsinu, og var svefnherbergi Hjördísar Ullu beint þar neðan undir. Umræddan morgun vaknaði vitnið um kl. 8.30 og heyrði þá ekki neinn umgang í herbergi hennar, en umgangur var annars staðar í íbúðinni, og hurðum var skellt. Skömmu síðar fór vitnið á náttfötunum fram í innri forstofu íbúðarinnar og leit á klukku. Vantaði hana 20 eða 25 mínútur í 9. Um leið barði móðir vitnisins ákaft á hurðina, það það um símanúmer lög-reglustöðvarinnar, og sagðist hún ætla að hringja þangað vegna innbrots og hávaða á neðri hæðinni, en um það hefði verið beðið. Vitnið gaf henni samstundis upp númerið, og fór hún strax til að hringja úr síma sínum. Vitninu datt strax í hug, að ákærði, sem það þekkti, væri þarna á ferð. Klæddi vitnið sig í miklu skyndi og fór út í ytri forstofu efri hæðarinnar, en þaðan er hægt að fara niður í kjallara og inn á fyrstu hæð. Vitnið opnaði hurðina inn í niðurgang kjallarans og tók um leið í hurðina inn á fyrstu hæð. Beið þar andartak við hurðina og hlustaði. Heyrði það þá, að Hjördís Ulla virtist ganga um gólf og segja með nokkurri ákefð: „Þetta er ekki hægt, Þorvaldur“. Fór vitnið þá út úr útidyrum annarrar hæðar og sá þá blóð á bjölluhnöppum við þær. Vitnið fór síðan að dyrum fyrstu hæðar. Sá það þá, að ein rúða í hurðinni var brotin og hurð og handfang blóðugt svo og blóð á vegg og dyrapalli, en hurðin var lokuð. Vitnið tók í handfang hurðarinnar, beið andartak og tók í hana aftur, en þar sem gardínan, sem var fyrir hurðinni, var aðeins frá, sá það lítillaga inn í ganginn. Sá vitnið, hvar Hjördís Ulla, að því er vitnið hélt, og ákærði á hæla hennar komu í forstofuna. Hún gekk beint inn í íbúðina, en hann mun hafa orðið var við, að vitnið tók í hurðina og opnaði hana örlítið augnablik, og áður en það fékk tíma til að segja eða spyrja nokkurs, leit hann á vitnið og sagði: „Hér er ekkert að, Jón“, og skellti hurðinni aftur. Vitnið álítur, að klukkan hafi verið fast að 9, þegar þetta gerðist, en það leit ekki á klukku. Því virtist ákærði vera fötur og starandi, en getur ekki sagt um, hvort hann var ölvaður, en skýrmæltur var hann. Vitnið taldi, að blóðið, sem það sá, stafaði af því, að ákærði hefði skorið sig við að brjóta rúðuna. Það átti von á lögreglu á hverri stundu og grunaði ekki neitt alvarlegt, þar sem það hafði séð húsmóðurina á gangi í íbúðinni. Vitnið

hreinsaði síðan hélu af rúðum bifreiðar sinnar, sem stóð á lóð hússins, ók henni á brott og mætti lögreglubifreið á horni Hjarðarhaga og Nesvegar. Það ók niður á skattstofu, þar sem það vinnur, stimplaði sig þar inn komið. Var klukkan þá 9.20.

Ákærði telur, að kona sú, sem vitnið Jón Sigurður Jakobsson sá í forstofunni, hafi verið Sara Sigurðardóttir.

Vitnið dr. med. Eggert Ólafur Jóhannsson yfirlæknir, Karfavogi 37 hér í borg, kannaðist við ákærða og eiginkonu hans, en kona vitnisins og ákærði eru bræðrabörn. Vitnið kveðst hafa vaknað við símahringingu kl. 8—8.30 hinn 7. janúar s.l. og hafi Hjördís Ulla verið í símanum. Hún hafi sagt því, að ákærði væri kominn inn í íbúðina til hennar og væri inni í herbergi hjá konu þeirri, sem hjá henni dveldist. Hafi vitninu skilist á henni, að hún væri í vandræðum og að hún vissi ekki, hvað hún ætti að gera, en hún hafi ekki verkað á það eins og hún væri óttaslegin. Hún hafi síðan sagt: „Hann er víst að koma“, og þar með hafi samtali þeirra lokið. Hún hafi ekki óskað eftir því, að vitnið gerði eitthvað, en það áleit þó, að hún mundi vænta þess, en því var ekki ljóst, hvað það ætti að vera. Nokkru síðar fór það vestur á Kvisthaga 25, og voru lögreglumenn þá komnir þangað.

Framburður ákærða í upphafi rannsóknar málsins var í nokkrum atriðum á annan veg en að framan getur. Þykir rétt að geta eftirfarandi atriða: Hinn 7. janúar s.l. kvaðst hann ekki hafa komið með hnífinn, sem hann beitti gegn Hjördísi Ullu og Paula hlaut sár af, heiman frá sér. Hann bar þá, að þegar hann var kominn inn í íbúðina, hafi þau Hjördís Ulla farið fram í eldhús og hafi hann tekið hnífinn, sem plast var utan um, úr skúffu þar, á meðan Hjördís Ulla var að búa Vilhjálmi Ara, son þeirra, í skólann. Ákærði hafi gengið með hnífinn inn í herbergi Paulu og sagt við hana, að rétt væri að ógna Hjördísi Ullu með honum. Paula hefði þá reynt að taka hnífinn af honum og hefði henni tekizt það, en fengið áverka í átökunum. Honum hefði svo tekizt að ná hnífnum aftur af henni. Síðan hafi hann farið blóðugur á höndum með hnífinn fram í innri forstofuna og mætt Hjördísi Ullu þar í miklum hugaræsingi. Hún hafi spurt hann að því, hvort hann hefði skaddað Paulu og hvort hann ætlaði að nota hnífinn á hana, en hann hafi svarað því neitandi og sagt við hana, að svona hníf hefði henni verið nær að nota á sjálfa sig heldur en að haga sér eins og hún gerði við hann í sambandi við skilnaðinn. Hún hafi þá sagt eitthvað á þá leið, að hann skyldi

nota hnífinn á hana, ef hann þyrði. Þessi orðaskipti hafi æst hann meira en ella, þar sem hann var mikið undir áhrifum áfengis, en afskipti Paulu af honum höfðu þegar æst hann upp. Eftir að Hjördís Ulla hafði sagt seinastgreind orð, hafi gripið hann æði og hafi hann lagt hnífnum svo til strax til hennar, að því er hann minnir tvívegis, en hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir því, hvar hnífurinn kom í hana.

Hinn 10. s. m. var ákærða gerður kunnur sá framburður vitnanna Paulu og Söru, að hann hafi ekki verið búinn að koma inn í eldhúsið, þegar hann dró upp hnífinn í herbergi þeirra mæðgna, og hélt hann þá fast við fyrri framburð sinn um, að hann hefði tekið hnífinn í eldhúsinu. Hann hafi einmitt tekið þennan hníf, af því að hann hafi verið stærstur og litið vopnlegastur út, ef hann yrði notaður á ákærða.

Hinn 9. s. m. var leit gerð í íbúð ákærða á Sólvallagötu 63, og fannst þar m. a. eldhúshnífur í skápskúffu í eldhúsi. Ingólfur Þorsteinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglunnar, Skipholti 60 hér í borg, kveður, að hnífurinn hafi verið nýlegur og að því er virtist ónotaður. Við athugun og samanburð á hnífnum við plastumbúðir og slíðurspjald það, sem talið sé, að hafi verið utan um hnífinn, sem ákærði beitti gegn Hjördísi Ullu, hafi komið í ljós, að gerð og áletranir á umbúðum þessum bendi ótvírætt til, að þær séu utan af sams konar hníf og þeim, sem fannst heima hjá ákærða, en augljóst hafi verið, að umbúðirnar pössuðu ekki fyrir hnífinn, sem beitt var gegn konunni, þótt mögulegt væri að nota þær til að hafa þann hníf í þeim.

Hinn 12. s. m. var ákærði inntur eftir því, hvar hann hefði fengið eldhúshnífinn, sem fannst heima hjá honum, og kvaðst hann þá hafa keypt hann í verzlun H. Biering á Laugavegi 6 hér í borg nokkru fyrir 20. desember f. á., en ekki keypt þar aðra hnífa nema sett hnífapara fyrir 6 manns. Eldhúshnífurinn hefði verið í plastumbúðum og væru þær annað hvort í eldhússkúffunni eða hann hefði fleygt þeim. Honum var þá kynntur á ný framburður vitnanna Paulu og Söru um, að hann hafi ekki verið búinn að fara inn í eldhúsið, þegar hann dró hnífinn upp í herbergi þeirra, og kunngerður sá framburður fyrrnefnda vitnisins, að slíkur hnífur hafi eigi verið til í eldhúsinu á Kvisthaga 25, og loks gert kunnugt fyrrgreint álit Ingólfs Þorsteinssonar um hnífana tvo og plastumbúðirnar. Viðurkenndi ákærði þá, að hann hafi keypt báða hnífana samtímis og tekið hnífinn, sem

hann beitti gegn Hjördísi Ullu, með sér að heiman, þegar hann kom þangað um morguninn, en þrátt fyrir það hafi hann ekki ætlað sér að leggja til henar með hnífnum.

Ákærði hefur gefið eftirfarandi skýringu á því, hvers vegna hann hélt því fram í fyrstu, að hann hefði tekið hnífinn í eldhússkúffu á Kvisthaga 25:

„Í þeirri ólýsanlegu örvinglun og óumræðilegu sorg, sem ákærði var, þá vildi hann, undir engum kringumstæðum segja neitt, sem varpað gæti skugga á elskaða, nýlátna eiginkonu hans og móður barna hans. Í sektarmeðvitund sinni yfir að hafa skyndilega orðið óður og misst stjórn á sér í örfáar sekúndur og framið á þeim voðaverkið, þá vildi ákærði taka á sig alla sök, aðra en þá, að um ásetningsverknað hefði verið að ræða, en það segir ákærði, að voðaverkið hafi alls ekki verið“. . . . „Sem lögfræðingur þóttist ákærði sjá, að rannsóknin hlyti að beinast mjög að því, hvort um ásetningsverk hefði verið að ræða. Sjálfur vissi ákærði, að svo hafði ekki verið. Jafnframt var honum ljóst, að ef ryðgaði hnífurinn og kortið með honum kæmi ekki fram og hann segði athugasemdarlaust frá því, að hann hefði tekið hnífinn með sér af Sólvallagötunni, rétt fyrir slysaverknaðinn, þá yrði það talið veita líkur fyrir ásetningsverki. Átti ákærði nú um tvo kosti að velja til þess að leiða ekki dómaraðinn inn á villigötur, að hann færi ekki að telja slysaverknaðinn ásetningsverk. Hinn fyrri var að skrökva því, að hann hefði tekið hnífinn á Kvisthaganum. Hinn síðari var að segja satt um, hvaðan hnífurinn var tekinn, og þá jafnframt að láta fylgja með söguna um ryðgaða hnífinn og skýra frá hinu leiðinlega hjúskaparleyndarmáli, sem sending hans höfðaði til. Fyrri kostinn valdi ákærði, enda fannst honum með þeim síðari varpað skugga á minningu konu sinnar, sem hann vildi alls ekki gera ótilneyddur, og á þessu stigi málsins var ekkert komið fram um ryðgaða hnífinn, og bjóst ákærði ekki við, að það myndi koma fram í málinu“.

Enn fremur segir ákærði: „Frá hýðingartilburðum sínum ætlaði ákærði ekki að segja til að þurfa ekki að skýra frá orðum og athöfnum konu sinnar þar á undan“. Þá kveður ákærði, að þegar hann hafi borið í fyrstu yfirheyrslu, „að rétt væri að ógna konunni með honum“, þ. e. hnífnum, þá hafi hann að vísu sagt þau orð, en ekki meint þau, heldur hitt, „að hann hafi viljað skipta á hnífum“.

Vitnið Henrik Pétur Biering, kaupmaður og eigandi verzlun-

arinnar H. Biering að Laugavegi 6, til heimilis að Skaftahlíð 8 hér í borg, kveðst kannast við ákærða og muni það til þess, að hann kom í verzlunina síðdegis laugardaginn 17. desember f. á. Hann hafi keypt mikið af alls kyns búsáhöldum, og að því er það minnir fyrir um kr. 10.000.00. Það muni ekki nákvæmlega í smáatriðum, hvaða vörur hann keypti, en þó muni það, að hann keypti matar- og kaffistell og stálborðbúnað ásamt tilheyrandi fyrir 6 manns. Ákærði hafi verið ódrukkinn, kurteis og þægilegur. Sagði hann því, að hann væri skilinn við konu sína og væri að stofna heimili. Næsta mánudag hafi hann fengið að skila einhverjum einstökum hlutum, en jafnframt keypt fleiri vörur. Vitninu hafa verið sýndir eldhúshnífurinn, sem fannst í eldhúsi ákærða, og hnífur nákvæmlega sams konar þeim, sem ákærði beitti á Kvisthaga 25. Kveðst vitnið muna til þess, að sams konar hnífar væru til sölu í verzlun þess í desember f. á., en báðar gerðirnar hafi selzt upp fyrir jólin. Vitnið kveðst ekki muna, svo að það geti fullyrt, hvorkt ákærði keypti slíka hnífa í verzluninni.

Hinn 25. ágúst s.l. voru af ákærða hálfu lagðir fram í dóminum tveir reikningar frá verzlun H. Biering á ákærða vegna kaupa hans á margvíslegum búsáhöldum. Fyrri reikningurinn er dagsettur 17. desember f. á., samtals að fjárhæð kr. 8.772.00, og eru þar m. a. tilgreindir tveir hnífar á kr. 94.00 hvor. Seinni reikningurinn er dagsettur 20. sama mánaðar, samtals að fjárhæð kr. 1.483.00. Ákærði kveður, að í reikningum þessum sé að finna m. a. fyrrgreinda hnífa og buffhamar.

C. Vitnið Einar Halldórsson lögreglumaður, Kambsvegi 4 hér í borg, var stöðvarmaður á lögreglustöðinni umræddan morgun. Vitnið kveður, að nákvæmlega á mínútunni kl. 9 hafi verið hringt á stöðina og beðið um aðstoð að Kvisthaga 25. Tilkynnandi var kona. Skýrði hún eigi frá því, hvað um væri að ræða, og spurði vitnið því, hvort þetta væri ölvun. Svaraði konan því, að það væri eitthvað þannig. Vitnið lét Trausta Eyjólfsson, aðstoðarmann varðstjóra, vita þegar í stað um beiðnina. Var þegar um talstöð haft samband við lögreglubífreidd og henni falið að fara á Kvisthaga 25, en taka í leiðinni lögreglumenn hjá lögreglustöðinni. Vitnið Finnbogi Sigurðsson lögregluflokksstjóri, Skaftahlíð 33 hér í borg, stýrði lögreglubífreiddinni, og var hún á leið niður Laugaveg og stödd rétt fyrir vestan Nóatún, þegar kallið kom til hennar. Með vitninu var Þorsteinn Jónsson lögreglumaður. Það ók bífreiddinni rակleitt að lögreglustöðinni, Póst-

hússtrætismegin, og voru þar þá til taks lögreglumennirnir Rúdólf Þór Axelsson og Magnús Magnússon. Þeir fóru inn í bifreiðina, en Þorsteinn Jónsson úr henni, og var síðan ekið án viðstöðu rakið á Kvisthaga 25. Engar umferðartafir voru á leiðinni. Ekið var frekar hratt, en ekki með rauðu ljósi og sírenu. Hinn 13. sama mánaðar um kl. 9.45 voru lögreglumennirnir þrír, sem sendir voru á Kvisthaga 25, fengnir til að aka sömu bifreið og og þeir höfðu þá verið í, hina sömu leið og þeir óku í umrætt skipti, eftir að þeir höfðu fengið fyrirmæli frá lögregluvarðstofunni um að fara á Kvisthaga 25, og ók sami lögreglumaður bifreiðinni. Var þetta gert til að athuga, hve langan tíma það tæki lögreglubifreiðina að fara þessa leið, en lögreglumennirnir töldu umferðarskilyrði mjög lík í bæði skiptin svo og ökuhraða bifreiðarinnar. Ökuferðin tók með viðkomu á lögreglustöðinni rétt um 8 mínútur.

Þegar á Kvisthaga 25 var komið, gengu vitnið og Rúdólf Þór og Magnús upp tröppur hússins, og í því að þeir stigu upp á dyrapallinn, var skellt útihurð á fyrstu hæð, og fyrir framan birtist ákærði blóðugur á höndum. Vitnið Rúdólf Þór kveður, að hann hafi verið nokkuð en ekki mikið ölvaður og rólegur, en vitnið Magnús kveður, að hann hafi verið móður og rjóður í andliti og virtist vera lítillaga undir áhrifum áfengis. Virtist þeim ákærði ætla að ganga fram hjá þeim. Vitnið Rúdólf Þór kveður, að hann hafi sagt: „Þetta er allt í lagi, þetta er búið“, og vitnið Magnús segir, að hann hafi sagt eitthvað á þá leið, að allt væri búið og ekkert hér að gera. Vitnið Rúdólf Þór spurði ákærða þá, hvað um hefði verið að ræða, og sá um leið, hvar stúlka stóð fyrir innan glerið í hurðinni. Virtist hún í miklum hugaræsingi og bentu á ákærða. Hann spurði, hvort hann mætti ekki fara, og tjáði vitnið Rúdólf honum, að fyrst þyrfti það að athuga, hvað þarna hefði átt sér stað, enda var rúða brotin í hurðinni. Vitnið Magnús færði ákærða síðan út í lögreglubifreiðina, en stúlkan opnaði útidyrnar fyrir vitninu Rúdólfi Þór. Hún virtist eiga erfitt um mál og bentu inn í íbúðina og sagði: „Inn á baðinu“, og kom ekki upp öðrum orðum. Vitnið Rúdólf Þór sá blóðflekki á dregli í ytri forstofunni, og þegar það kom inn í innri forstofuna, sá það tvo stóra blóðflekki á gólfinu við símaborðið og blóðbletti viðsvegar í forstofunni. Vitnið fór síðan inn í baðherbergið og fann þar konu liggjandi á grúfu ofan í baðkerinu með annan fótinn út fyrir brúnina, og vísaði höfuðið fram að dyrunum.

Virtist vitninu konan vera látin. Það hraðaði sér út í lögreglu-bífreiddina og tilkynnti á lögreglustöðina um talstöð bífreidarinnar, að hér væri um alvarlegan atburð að ræða, og það um, að sjúkrabífreidd, læknir og rannsóknarlögreglumenn kæmu á vettvang. Ákærði spurði þá, hvort hún væri dain, og það um að fá að kveikja sér í vindlingi, en sagði ekki annað. Hann var settur í handjárn, þannig að hægri hönd hans var járnúð við súlu í bífreiddinni. Varð vitnið Rúdólf Þór eftir hjá honum, en hinir lögreglumennirnir tveir fóru inn í íbúðina og gengu inn í það herbergið. Þeir lyftu konunni upp úr þaðkerinu og lögðu hana á gólfið á hægri hlið, þannig að lófi hægri handar kom undir vanga. Gerðu þeir þetta til að athuga, hvort hún væri látin, og virtist þeim svo vera.

Á lögreglustöðinni er ekki bókað, hvenær vitnið Rúdólf Þór hafði samband við hana og það um frekari aðstoð að Kvisthaga 25, en fyrrgreint vitni, Einar Halldórsson stöðvarmaður, tilkynnti Nirði Snæhólm, varðstjóra hjá rannsóknarlögreglunni, atburðinn. Jafnframt hringdi Páll Eiríksson, aðalvarðstjóri á lögreglustöðinni, í aðstoðarborgarlækni. Þá var hringt í sjúkrabífreidd, og í slysabók slökkvistöðvar Reykjavíkur er skráð tímaákvörðunin 9.15. Sjúkrabífreidd kom fyrst á vettvang, og var fyrrgreind Paula Sveinsdóttir, sem kvartaði undan áverka á fæti, flutt í henni á slysavarðstofuna. Rétt á eftir komu rannsóknarlögreglumennirnir Ingólfur Þorsteinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn, Ragnar Vignir aðalvarðstjóri, Njörður Snæhólm varðstjóri og Sævar Þorbjörn Jóhannesson. Kveður vitnið Njörður, að klukkan hafi verið 9.20, þegar hringt var frá lögreglustöðinni til rannsóknarlögreglunnar, og vitnið Páll Eiríksson aðalvarðstjóri kveður, að rannsóknarlögreglumennirnir fjórir hafi komið á Kvisthaga 25 um leið og það, eða nálægt kl. 9.30.

Vitnið Björn Öundurson læknir, Brekkugerði 9 hér í borg, kveður, að einhvern tíma á 10. tímanum umræddan morgun hafi verið hringt af lögreglustöðinni á lækningastofu þess, en það var þá aðstoðarborgarlæknir, og því skýrt frá mannsbana á Kvisthaga 25. Lögreglumenn sóttu það síðan í bífreidd og óku því á staðinn. Á gólfi í þaðherbergi á 1. hæð hússins lá kona mikið blóðug. Sá vitnið strax, að hún var látin og að á líkinu voru miklir áverkar eftir hnífstungur. Þá var blóð víðsvegar um íbúðina.

Ákærði var fluttur á slysavarðstofuna, þar sem gert var að

fingermeiðslum hans, og að því loknu var hann færður í fanga-húsið við Skólavörðustíg. Lík Hjördísar Ullu var flutt í líkhús Rannsóknarstofu Háskólans.

III. kafli.

Rannsóknarlögreglumennirnir hófu þegar í stað rannsókn á vettvangi, og lýsir vitnið Njörður Snæhólm honum m. a. svo:

„Þegar komið er upp á tröppurnar vestan við húsið, eru þar tvennar dyr inn til hægri. Þær fyrri eru inn á neðri hæðina, en hinar að efri hæðinni. Í fyrri hurðinni er brotin rúða næst smekklásnum og glerbrot liggjandi bæði fyrir utan og innan. Hurðin er í blóðkámi bæði utan og innan. Hurðin að efri hæðinni er einnig blóðkámug að utan. Þegar komið er inn um dyrnar að neðri hæðinni, er þar beint fram smágangur, hurð að klósetti til vinstri, miðstöðvarofn á bak við hurðina og hurð að smágangi til hægri hjá honum. Nokkuð blóð var á miðstöðvarofninum, gólfinu, veggjum og körmum. Í litla ganginum til hægri er blóð á veggjum og gólfi og hurð að smá herbergi inn af honum, en í því herbergi var Sara. Þar var blóð á gólfinu og blóðugur undirkjöll og handklæði. Í skáp í herberginu blóðugur hnífur og plasthylki af hníf á gólfinu við skápinn. Innst til hægri við ytri forstofuna eru dyr að öðru herbergi, en þar inni var allt í lagi.

Þegar komið er inn í innri forstofu, eru fyrst dyr til vinstri, en þar er stigi niður í kjallara. Þessi hurð var læst að innan, þ. e. forstofumegin, með lykli, sem stóð í skránni. Á smáborði við þessar dyr var karlmannshattur og buffhamar úr málm, en hann hafði Þorvaldur verið með á sér og lögreglan tekið hann af honum. Næst til vinstri er eldhús. Þar voru blóðdropar á gólfi og nokkuð blóð í vaski. Næst til hægri eru dyr að smá gangi. Vinstra megin við ganginn er snyrtiherbergi, en þar inni lá líkið á gólfinu. Nokkuð blóð var í baðkerinu sjálfu og dropar á ganggólfi. Beint fram er herbergi með þremur hvílum í. Þar var allt í lagi. Næst til hægri við þennan gang er annað herbergi, og í því var allt í lagi. Þá er aftur komið fram í innri forstofu og farið með sól. Strax til vinstri er smákamelsæti og við það lítið símaborð með síma á. Undir þessu borði er stór blóðfleckur með stærðar blóðlifur í. Hinum megin við borðið er annar blóðfleckur, heldur stærri, og um tveir cm á milli brúna þeirra. Næst koma dyr að stofu til vinstri. Á hurðarhúnum gangmegin er nokkur blóðstorka, en allt í lagi í stofunni. Á stólbaki og borðbrún liggur dökkgrár karlmannsrykfrakki

með ísaumuðu merki „Elgur h.f., Reykjavík“. Frakki þessi er með það, sem líkist blóðrákum utan á vinstri ermi og innan á henni að neðan. Blóðrákum vinstra megin að framan, frá öxl og niður úr, og talsvert blóð innanverðu á boðung og fódri sömu megin. Að því er virðist er blóð hægra megin á kraga og á erm-inni frá öxl og niður úr. Mest neðst að utan, en þó einnig að innan og framan við ermina, upp úr og niður. Fyrir neðan neðstu tölu eru tveir skurðir í gegn. Annar 8.5 cm milli enda, en hann er bogadreginn. Fódrið er þarna megin allt atað í blóði á 60 cm löngum kafla og 35 cm breiðum.

Blóðblettir um allt gólfið í innri forstofu, enda einnig búið að ganga blóð inn á það.

Umræddur buffhamar reyndist vera 205 gr. á þyngd með tökkuðum hausendum.

Umræddur hnífur er með 11.9 cm löngu skafti. Blaðið er 21.8 cm á lengd og 2.5 cm á breidd, oddmjótt og flugbeitt“.

Síðar um daginn athugaði vitnið Njórður fót ákærða, og segir það um þá athugun: „Kom í ljós, að það, sem líktist blóði, var á kafla neðst á hægra jakkalafi hans innanveru og smávegis á buxnaskálminni neðan við. Einnig á uppslagi á hægri skyrtu-ermi og smávegis á vinstri buxnaskálm“.

Kl. 15.10 sama dag skoðaði Kristján Hannesson hegningarhús-læknir ákærða og segir um hann m. a.:

„Maðurinn er í feitara lagi, nokkuð sjokkeraður, en þó á yfirborðinu að því er virðist rólegur og svarar öllum spurningum eðlilega.

Hann er alklæddur, en á skyrtu hans á brjóstinu rauðlitaðir blettir, mismunandi stórir, svo er og á vinstri skyrtulínungu, þar er fremst rauðlituð rönd. Á vinstri hendi eru í lófa smá þverskurðir í húð (ekki rispúr), sem hefur lítið eitt blætt úr, svo er og á þriðja, fjórða og fimmta fingri lófamegin. Sj. er með umbúðir á báðum vísifingrum, sem gert hefur verið við, að því er hann segir á Slysavarðstofu Reykjavíkur, og eru að hans sögn skurðir eftir hníf, eins er með aðra smáskurði í lófa og fingrum, er spurt er um, hvernig þeir séu tilkomnir.

Hvergi er hægt að sjá rispúr eða klór. Að öðru leyti er skoðun sjl. negativ. Ég spyr hann, hvort hann sé tilbúinn til yfirheyrslu, og telur hann sig reiðubúinn til þess“.

Sama dag gekk úrskurður um, að lík Hjördísar Ullu skyldi krufið, og framkvæmdi dr. med. Ólafur Bjarnason prófessor verk-ið. Ályktun læknisins er svohljóðandi:

„Við krufninguna fundust þrjú stungu- og skurðsár á brjósti og eitt stungusár á kvið. Tvö sáranna á brjósti náðu inn að rifjum, en gengu ekki inn í brjóstholið. Inn frá þriðja sárinu í h. brjósti voru stungustefnur í tvær áttir. Lá önnur á ská yfir til vinstri inn og meðfram rifjum. Hin stungan stefndi beinna inn á við og inn í brjóstholið, en þar var stórt gapandi skurðsár í h. lunga og hafði skorizt yfir aðalgrein lungnabláæðar (v. pulmonalis) og aðalberkjastofn til efsta blaðs h. lunga. Í brjóstholinu h. megin var töluvert blóð, en einnig hafði blætt inn í berkjur og konan hóstað upp og einnig kingt nokkru blóði. Augljóst er, að stunga sú, sem gekk inn í h. brjósthol, hefir orðið konunni að bana. Auk blóðmissis og losta kann loftbrjóst h. megin, sem myndast vegna stungunnar, að hafa verið meðverkandi að dauða sem og það, að loft kann að hafa sogast inn í lungnabláæðina og truflað starfsemi hjartans. Lítil sem engin blæðing var út frá stungunni í kviðinn. Sár í vinstri greip bendir til þess, að konan hafi í varnarskyni gripið um hnífinn með vinstri hendi“.

Haukur Kristjánsson, læknir í Slysavarðstofu Reykjavíkur, segir í vottorði, dags. 12. janúar s.l., um meiðsli Paulu Sveinsdóttur á þessa leið:

„Hinn 7/1 1967, kl. 9.50, var komið með Pálu Sveinsdóttur, til heimilis Suðurgötu 4, Sauðárkróki, í Slysavarðstofu Reykjavíkur. Konan kom í sjúkrabíl, hágrátandi og var í fyrstu vart viðmælandi sökum geðshræringar. Þó fékkst það fram, að hún hefði fyrir nokkurri stundu reynt að skerast í leikinn, þar sem maður nokkur var að stinga konu sína með hnífi, og hafði hann þá slæmt til hnífnum og sært hana ofan vinstra hnés.

Konunni var gefin róandi sprauta, og róaðist hún nokkuð við það. Við skoðun sást ca. 5 cm skástæður skurður framan á vinstra læri, rétt ofan við hnéskel. Sárið var hreinskorið og náði gegnum húð, fitulagið undir húðinni, og á ca. 2 cm svæði náði það inn í réttisin hnésins.

Konan virtist þó hafa fullan réttikraft í hnéliðnum. Búið hafði verið um sárið til bráðabirgða, væntanlega af sjúkraliðsmönnum þeim, er fluttu hana á Slysavarðstofuna. Sárið var hreinsað rækilega og því næst saumað með silki, 5 sporum. Síðan voru settar á umbúðir.

Konan dvaldi í Slysavarðstofunni í ca. 2 klst. og virtist sífellt í mjög mikilli geðshræringu. Tengdasonur hennar kom rétt fyrir

kl. 12 á hádegi og tók hana með sér. Hún fékk lyfseöla bæði fyrir penicillin og róandi töflur. Var henni ráðlagt að liggja.

Pála kom til eftirlits í Slysavarðstofuna 9/1, og var þá nokkur roði í sárbörmum, en ekki voru merki um gröft í sárinu. Settar voru á nýjar umbúðir“.

IV. kafli.

A. Ákærði lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1949 með II. einkunn og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1957 með I. einkunn. Hann hefur rekið lögfræðiskrifstofu síðan árið 1957. Hann fékk útgefið leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi 20. desember 1957 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 20. október 1962. Hann var löggiltur sækjandi opinberra mála í héraði 15. október 1958. Hann fékk verzlunarleyfi í Reykjavík sem hér segir: heildsöluleyfi 7. júní 1956 og smásöluleyfi 14. október 1959. Hann var trúnaðarmaður verðlagsstjóra á árunum 1946—1951. Starfaði síðan við firmað Páll Jóh. Þorleifsson h/f og var framkvæmdastjóri þess á árunum 1953—1960. Hann var aðalstofnandi Glugga h/f árið 1954 og stjórnarformaður síðan. Hann var einn af stofnendum fjögurra annarra fyrirtækja.

B. Í rannsókn málsins hafa komið fram margvíslegar upplýsingar um sambúð ákærða og Hjördísar Ullu heitinnar og um ýmsa háttsemi hans. Verður þessi þáttur málsins nú rakinn nokkru nánar í þeim greinum, sem hér þykir máli skipta:

1. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, var hjúskapur ákærða og Hjördísar Ullu fyrsta áratuginn góður og að heita má misfellulaus. Ákærði kveður þó, að á þessum tíma hafi einn atburður gerzt, sem skyggði á sambúð þeirra, og reyndist hann mjög örlagaríkur. Lýsir ákærði atburði þessum þannig:

„Þegar ákærði sá fram á, laugardaginn 11. júní 1955, að takast myndi að hefja rekstur Glugga h.f. á ákveðnum tíma, þá segist ákærður hafa byrjað drykkju og drukkið sig mikið drukkin og ekki komið heim fyrr en mikið var á nóttina liðið. Ekki segist hann hafa látið konu sína neitt heyra frá sér, síðan í hádegismat. Þegar hann hafi komið heim um nóttina, þá hafi hún ekki verið farin að sofa og verið alveg óð og skammast feyknin öll og hafi aldrei þessu vant ekki verið nokkur leið fyrir ákærða að sefa hana, eins og honum hafði jafnan tekizt áður. Hafi hún barið hann miskunnarlaust með uppþvottatuskunni, en þau hafi

verið í eldhúsi íbúðarinnar. Þegar ákærði gat ekki róað hana, þá fór hann þegjandi frá henni inn í borðstofuna, sem þau notuðu fyrir svefnherbergi, og háttaði sig og lagðist upp í rúm. Hjördís varð þá eftir grátandi í eldhúsinu. Ákærði ákvað að sofna ekki, fyrr en Hjördís væri búin að jafna sig, en þar sem það dróst, þá var ákærði að sofna, loksins að hún kom inn í herbergið, og þóttist þá ákærði sofa og hafði lokuð augu. Þá settist hún varlega fyrir framan hann, tók náttskyrta frá hálsi hans og þreifaði um háls ákærða í leit að slagæðinni. Þá leit ákærði upp og sá, að hún var með eldhúshnífinn reiddan í hægri hendi og tilbúin að skera ákærða á háls. Ákærða brá að vonum hroðalega, velti sér til hliðar að henni og stökk upp úr rúminu og tók af henni hnífinn. Ákærði spurði hana, hvað hún hafi eiginlega ætlað að gera. Hún lagðist upp í svefnbekkinn, og að henni setti ofsalegan grát og sagðist hafa haldið, að ákærði væri sofnadur og hún hefði verið ákveðin í að drepa hann. Hún gæti ekki þolað að bíða eftir honum drukknnum. Nú væri svo langt síðan að ákærði hefði verið drukkinn, að hún hefði haldið, að það kæmi ekki fyrir aftur. Þegar sú von hefði brugðizt, þá hefði hún orðið æf og ætlað að skera ákærða á háls. Þegar hún hafi skammað ákærða, þá hefði hann einu sinni ekki hlustað á hana, bara brosað að henni. Ákærði tók hnífinn og faldi hann í bekkenu, sem geymt var í efstu hillu í eldhússkáp. Það, sem eftir var nætur, svaf ákærði í djúpum stól í stofu þeirra, sem þau höfðu ekki selt, þegar þau seldu af húsgögnum sínum. Þegar ákærði sofnaði í stólnum, var Hjördís enn grátandi á svefnbekk þeirra. Heldur voru þau þegjandaleg morguninn eftir. Hjördís bað ákærða fyrirgefningar, en ákærði óskaði eftir skilnaði. Hún kvað þetta myndi aldrei aftur henda sig. Ákærði kvaðst mundu sjá til vegna sonar þeirra, hvort hann skildi við hana eða ekki, en hann myndi aldrei sofa drukkinn oftar hjá henni. Var nú sambúð þeirra köld og þurr allt fram í ágúst, og stóð skilnaður til milli þeirra allt fram í september.

Ákærði hafði af konu sinni mikinn ótta, því að í þessum æðisköstum var hún gjörsamlega óþekkjanleg manneskja, sem alls ekki vissi hvað hún gerði eða sagði. Ákærði bað hana að fara til læknis út af þessu, en því neitaði hún. Ákærði velti því fyrir sér, hvort hann ætti að tala við lækni út af þessu og sagði henni frá því, en þá hótaði hún ákærða að fyrirfara sér, ef hann ræddi um þetta við lækni“.

2. Ákærði kveðst hafa byrjað að neyta áfengis lítillega snemma

árs 1947, en það var hvorki ástríða hjá honum né vandamál fram til ársins 1958. Í tilhugalífi og á fyrstu hjúskaparárum hans hafði eiginkonan ekkert á móti vındrykkju, og var þá veitt áfengi á heimili þeirra, ef svo bar undir, er gesti bar að garði. Hann lagði hart að sér við störf á þessum árum og neytti þá áfengis einstaka sinnum með félögum sínum og lét þá eiginkonuna ekki vita af sér, og vissi hún ekkert af honum, fyrr en hann kom heim, stundum ekki fyrr en kl. 2 til 5 á nóttunni og þá drukinn. Hafði hún þann hátt á að vaka eftir honum, og af þessum sökum fékk hún svo mikið ofnæmi fyrir, að hann neytti áfengis, að það vandamál var ekki hægt að ræða þeirra milli. Að öllu öðru leyti var sambúð þeirra sem bezt var á kosið. Ofnæmi eiginkonunnar fyrir áfengisneyzlu hans leiddi til þess, að gestum var ekki veitt áfengi á heimili þeirra eftir 16. febrúar 1954 nema einu sinni lítilega, eftir að hann lauk embættisprófi. Frá hausti 1958 til 1. desember 1966 fór hann á 12 „drykkjútúra“, sem í fyrstu tóku 1 til 3 daga, en síðan smálengdust þeir svo og bilið á milli þeirra. Í lengri „túrunum“ kom tímabil, sem hann neytti lítils eða einskis áfengis, og hann vann jafnan snemma á morgnana, seint á kvöldin og um helgar. Árin 1964 og 1965 lenti hann á „túrum“ tvívegis hvort árið, og voru þeir lengri síðara árið en hið fyrra og sá seinni síðara árið þeirra lengstur. Í „túrum“ þessum afhenti hann eiginkonu sinni lyklna að íbúð þeirra með þeim ummælum, að hún skyldi láta hann vita, þegar hún væri tilbúin að taka við honum heim. Að kvöldi 3. október f. á. hóf hann áfengisdrykkju, og hafði hann þá ekki farið á „túr“ í 10 mánuði. Hann kom heim til sín einum eða tveimur dögum seinna og sofnaði, en eiginkona hans vakti hann með skömmum. Afenti hann henni þá lykil íbúðarinnar og fór á brott. Hann var heima hjá sér eina nótt í sama mánuði og fjórar nætur í næsta mánuði, en hélt enn á brott í bæði skiptin eftir ásakanir eiginkonunnar og árekstra við hana. Annars svaf hann ýmist á hóteli eða í skrifstofu sinni og var meira og minna drukinn til 5. eða 6. desember, þó með margra daga hléi nokkrum sinnum. Ákærði telur, að síðastliðin 8 ár hafi hann verið drukinn eða miður sín vegna áfengisneyzlu að meðaltali 26 daga á ári, og kveðst hann hafa gert þessa athugun í tilefni af skilnaðarbeiðni konu sinnar. Hann kveður, að ástæðan fyrir „túra-drykkju“ sinni hafi verið sú, að kona hans hafi ekki getað séð hann drukinn og jafnvel lagt hendur á hann, án þess að hann tæki á móti. Honum hafi þótt mjög vænt um hana, átt óhemju

erfitt með að sjá hana í þessum ham og lagzt í frekari drykkju. Síðan hafi viðbrögð orðið þau, að hún hafi tekið af honum lykla og lokað hann inni, en áfengi hafi hann aldrei mátt koma með inn á heimilið.

Hinn 13. desember f. á. flutti Hjördís Ulla á Kvisthaga 25 og ákærði 17. s. m. á Sólvallagötu 63.

3. Í málinu hafa verið lagðir fram tveir pakkar, sem ákærði sendi á áfangadag 1966, annan heim til Hjördísar Ullu, en hinn heim til móður hennar, Steinunnar Ástu Zebitz, Hólmgarði 43 hér í borg.

Vitnið Ingólfur Þorsteinsson lýsir fyrrnefnda pakkanum svo:

„Þetta er pappakassi, pakkaður í jólapappír, 31 cm. að lengd, 10 cm. breiður og 6.5 cm. djúpur. Kassinn er þakinn með álímdum úrklippum úr miðum utan af sáputykkjum „1313“, en á slíka miða er prentað, auk merkisins „1313“, „Bakteríudrepandi“, og virðist áherzla hafa verið lögð á það þarna, að sem mest kæmi fram af síðari hluta þess orðs, „drepandi“.

Efst í kassanum, ofan á bómullarlagi, er kort af listaverki Einars Jónssonar, Útilegumanninum, en innan í kortið er vélritað eftirfarandi: „Jólin 1966. Bezta jólagjöf launmorðingja sem ráðast á sofandi eða drukkin fórnarlömb er nýtt vopn, því að samvizka þeirra er sem brotinn fiðlubogi. Hnífur er göfugra vopn en skipulagðir klækir. Tönn fyrir tönn, auga fyrir auga er jólaboðskapurinn í þetta sinn. Fórnarlamb yðar, sem slapp óskaddað frá yður“.

Undir bómullarlagi, sem svo er ofan á í kassanum, er brot úr gömlum fiðluboga að því er virðist. Undir öðru bómullarlagi er svo gamall og mjög ryðgaður hnífur með 14 cm. löngu blaði, oddmjóu. En í bómullarlögum, sem eru bæði undir og ofan á hnífnum, eru við odd hnífsins og upp á móts við miðju blaðsins blóðrauðir blettir, sennilega gerðir með rauðu bleki. Efst á hnífsblaðinu, eða alveg um hjöltun, er örlítill, rauður poki úr prjónuðu efni, fylltur með bómull og fest við hann hjartalagað, lítið nisti. Hefur því hnífsblaðinu verið stungið í gegnum þennan poka, alveg upp að hjöltum“.

Ákærði hefur gefið eftirfarandi skýringu á pakka þessum og sendingu hans:

Með bréfi, dags. 23. desember f. á., sendi hann börnum sínum sjónvarpstæki að gjöf. Síðar sama dag hringdi Hjördís Ulla til hans og kvartaði undan meiðandi ummælum um hana í bréfinu og sagði honum, að hann mundi ekki fá að sjá börnin á jóladag,

eins og ákveðið hafði verið, og fengi hann ekki að sjá þau framar. Hér við bættist, að faðir hans sagði honum á aðfangadag, að hann mundi ekki dvelja heima hjá ákærða um jólin, því að hann hefði lofað Hjördísi Ullu því að búa þá heima hjá henni og börnunum, en hún hefði sagt honum, að ákærði væri ennþá fullur, og vildi hann ekki hafa hann hjá sér um jólin. Af þessum ástæðum vildi ákærði særa Hjördísi Ullu, eins mikið og hann gæti. Hugkvæmdist honum þá að minna hana á það, þegar hún réðst á hann drukinn og nær sofnaðan í Mávahlíðinni í júní 1955 með hníf í hendi og gerði sig líklega til að deyða hann. Útbjó hann svo greindan pakka og sendi hann á aðfangadag. Hann gefur þá skýringu á miðunum með „1313“, að seinasti „drykkjutúr“ hans hafi byrjað á 13. brúðkaupsdegi þeirra hjóna og þann dag hafi konan ekki talað við hann og 13. desember f. á. einnig flutt burt af Sólvallagötu. Með orðinu „drepandi“ hafi hann viljað benda á, að tilfinningar hefðu verið drepnar, en annað ekki, sbr. brostna fiðlubogann. Hann hafi átt sáputegund þessa á vinnustað sínum. Rauðu blettirnir í bómullinni hafi verið blek. Hann tekur sérstaklega fram, að sendingin hafi alls ekki átt að vera morðhótun, heldur ábending til konunnar um, að honum hefði þótt betra að vera drepinn með slíkum hníf heldur en hvernig farið var með hann, á meðan hann var sjúkur af drykkjuskap, sem hinir brostnu fiðlustrengir hafi einnig átt að benda á. Hnífinn, fiðlubogann og tilheyrandi hafi hann fundið í gömlu dóti frá því, að þau hjónin bjuggu á Bárugötu. Loks kveðst hann hafa sent kortið með mynd af Útlaganum, þar eð honum fannst hann vera gerður útlægur.

Vitnið Ingólfur Þorsteinsson lýsir pakkanum, sem ákærði sendi til Steinunnar Ástu, svo:

„Pakki sá, er þannig gerður, að utan um hann er brúnn umbúðapappír. Utan á hann er skrifað nafn frú Ástu og heimilisfang. En á öðrum stað er skrifað utan á umbúðirnar, að því er virðist, skilaboð til einhvers, svohljóðandi: „Viltu koma þessu líka til skila á nóni aðfangadags“.

Í þessum umbúðum er pappakassi, klæddur með jólapappír, en límt á hann jólamerkispjald og á það skrifað, „Ásta Zebitz og fjölsk.“. Kassinn er 39 cm. langur, 9 cm. breiður og 8 cm. djúpur.

Þegar kassinn er opnaður, er efst í honum, ofan á bómullarlagi, rauð slaufa. Undir nokkuð þykku bómullarlagi er kassinn allt að því hálfur af mold, en ofan á moldinni liggur lítil garð-

yrkjuklóra, gömul, með spaða á öðrum enda, og er lengd klórunnar næstum því jöfn kassalengdinni. Ofan á klórunni liggur miði af brennivínsflösku, svartur og af eldri gerð. Á hann er vélritað. „Jól 1966. Sér grefur gróf er grefur“. Þarna liggur einnig lítil dagblaðsúrklippa með stórletursfyrirsögn þessari: „Heilagur Nikulás á Íslandi“.

Ákærði hefur gefið eftirfarandi skýringu á pakka þessum og sendingu hans:

„Þau hjónin höfðu jafnan sent foreldrum hennar jólagjafir. Á þessum jólum ætlaði ákærði að gera tengdamóður sinni einhvern hrekk. Þegar ákærði fann í miðstöðvarherberginu á Sólvallagötu einn mjög ljóta garðyrkjuklóra með fimm klórufingrum, sem líktust mest teikningum af skrattaloppu, en klóran ætluð til að rífa upp illgresi, þá fannst ákærða klóran hæfileg gjöf til tengdamóður sinnar, því að svo fannst honum hún vera búin að klóra sér og meðhöndla sem illgresi í fjölskyldugarði sínum. Hún hafði ráðið herzlumuninum með kjaftæði og illmælg, að hjónaband ákærða splundraðist. Bæði að þetta var í rauninni garðyrkju- og moldarverkfæri og svo af hreinum hrekk, þá setti ákærði gamla pottablómamold, sem var í poka í miðstöðvarherberginu, með klórunni, en með því að setja merkimiðann á botn pappkassans var ætlun ákærða, að þá yrði kassinn opnaður öfugur með þeim afleiðingum, að mold og klóra dyttu úr honum. Þá áritaði ákærði á brennivínsflöskumiða: Sér grefur gróf er grefur og átti þá við, að sá, sem grefur upp kjaftæði um annan, grefur upp kjaftæði um sjálfan sig, því að upphaflega hafði tengdamóðir hans byrjað að grafa upp kjaftæði um hann, en hann þá farið að grafa upp kjaftæði um hana. Að ákærði hafi skrifað þetta á brennivínsmiða, segir ákærði, að hafi verið vegna þess, að tengdamóðir hans hafi sagt börnum hans, að skilnaðurinn væri vegna þess, að ákærði væri fyllibytta og róni. Þá setti ákærði í pakkann 2 blaðaúrklippur. Önnur var mynd úr auglýsingu, en sú mynd er gömul rún, sem merkti angurgapi, og var það stílað til tengdamóður hans. Hin var úr fréttafyrirsögn: „Heilagur Nikulás á Íslandi“, en þar sem ákærði sendi pakkann nafnlaust, þá átti þetta að merkja, að pakkinn væri frá jólasveininum, en frúin sjálf um, hvort hún tæki það öðruvísi. Frá pakka þessum hafði ákærði gengið um miðjan desember og haft pakkann til sýnis í skrifstofu sinni og hafði starfsfólk ákærða og margir aðrir, sem þangað komu, skoðað hann og ákærði sagt

þeim, að hann ætlaði að senda pakkann konu, sem klórað hefði honum illilega. Ákærði lagði enga aðra merkingu í pakkasendingu þess en hann hefir nú sagt frá“.

4. Hinn 28. desember f. á. kom faðir ákærða, Jónas Steingrímur Arason kaupmaður, Suðurgötu 1, Sauðárkróki, heim til hans með farangur sinn og kvaðst ekki vilja dvelja lengur á Kvisthaga 25, þar eð honum og Hjördísi Ullu hefði orðið sundurorða vegna þess, að hún vildi ekki leyfa börnunum að heimsækja ákærða. Kvað hún ástæðuna vera sendingu, sem ákærði hefði sent henni á aðfangadag, og sýndi hún föður ákærða hana, sem var ryðgaður hnífur. Einnig sagði hún honum frá sendingunni, sem ákærði sendi tengdamóður sinni. Ákærði sagði föður sínum frá atburðinum, sem gerðist í júní 1955 í Mávahlíðinni og ýmsu öðru. Faðir hans sagði honum þá, að hann yrði að fá konuna til að skila hnífnum, því að hann og sendingin til tengdamóðurinnar gætu valdið ákærða álitsspjöllum og illu umtali. Ákærði taldi, að Hjördís Ulla mundi aldrei gera honum illt út á við, en öðru máli væri að gegna um tengdamóður hans, ef hún næði í hnífinn. Kveðst ákærði nú hafa dauðséð eftir því að hafa sent hinn ryðgaða hníf.

Ákærði kveður, að síðar sama dag hafi Hjördís Ulla hringt í hann og boðið honum að hafa börnin á gamlárskvöld. Ákærði þakkaði það. Að beiðni hennar hringdi hann í hana næsta dag. Ræddu þau þá sendingu hnífsins og fjármál, og óskaði hann eftir því að eiga fund með henni til að þau settu með sér ákveðnar umgengnisreglur viðvíkjandi börnunum. Síðdegis 31. desember f. á. hringdi hún til hans og sagði honum, að hann mætti sækja börnin, og átti hann ásamt föður sínum ánægjulegt gamlárskvöld með þeim. Áður höfðu börnin komið til hans 11. og 18. í þeim mánuði. Eftir hádegi á nýársdag hringdi hún aftur til ákærða og kvað hann mega hafa dóttur þeirra til kvölds, og þáði hann það. Í þessu samtali kveður ákærði, að hún hafi uppnefnt móður hans, og í öðru símtali þeirra um kvöldið varð nokkurt rifrildi milli þeirra út af ýmsu, sem þau höfðu áður rifizt um.

Ákærði kveður, að upp úr hádegi 2. janúar s.l. hafi Hjördís Ulla hringt til hans og samþykkt umræðufund með honum á Gildaskálanum kl. 1700 þá um daginn til að setja og ganga frá umgengnisreglum þeirra við börnin. Einnig vakti fyrir ákærða að fá nú ryðgaða hnífinn aftur til baka, og í því augnamiði tók hann með sér á fundinn gamlan ættargrip, vasaúrfesti úr gulli, til að freista hennar. Samkomulag náðist um börnin. Hún sagði

ákærða, að henni hefði verið mjög illa við að fá ryðgaða hnífinn sendan, því að atburðurinn í Mávahlíðinni hefði átt að vera algerlega gleymdur, og meira að segja hefði hún fyrst í stað ekki áttað sig á því, hvað hnífurinn hefði átt að tákna, fyrr en hún hefði farið að athuga kortið betur. Svo sagði hún háðslega, að sá ryðgaði væri gersamlega bitlaus og hefði aldrei komið í gegnum spikið á ákærða. Hann spurði hana að því, hvort hún vildi ekki láta hann hafa þann ryðgaða til baka, ef hún fengi gullkeðjuna og mætti nota hana sem armband, þar til elzti sonur þeirra lyki lokaprófi sínu. Samþykkti hún það. Þá dró hann gullkeðjuna upp úr vasa sínum og fékk henni. Hún þakkaði honum fyrir og lofaði að afhenda honum ryðgaða hnífinn til baka. Þessu handsöluðu þau. Þau ræddu um, hve kjánalega þau hefðu hagað sér, og voru bæði sanngjörn. Hún spurði hann, hvort hann vildi nú láta lögskilnaðinn verka, eins og skilnaður að borði og sæng ætti að vera. Féllst hann á það. Þá spurði hún hann, hvort hún mætti því til staðfestingar draga aftur á finger hans giftingarhringinn, sem hún hafði í tösku sinni. Samþykkti hann það, og dró hún hringinn á finger hans. Hún hafði sjálf aldrei tekið niður sinn hring. Þá sagði hún, að þegar þau giftu sig aftur, þá yrði það að vera gert af presti, því að dómaragifting væri engin gifting. Hann sagðist ekki giftast henni aftur, nema vínbanninu yrði aflétt og að hann fengi að koma heim með gesti, þegar hann langaði til. Hún svaraði því, að ef til giftingar kæmi aftur, mætti gera með það nokkrar tilraunir. Þegar hér var komið, hafði samtál þeirra staðið í nær tvær klukkustundir. Hún bauð honum nú að koma heim til hennar og borða með börnunum, og féllst hann á það. Borðuðu þau síðan öll saman. Hún og ákærði ákváðu að hittast fyrst um sinn á sunnudögum og borða á víxl hvort hjá öðru, á meðan þau væru að jafna sig og átta sig á því, hvort þau ættu að gifta sig aftur eða ekki. Hann átti að koma næst heim til hennar eftir endurskoðunarprófið 8. janúar s.l., en ef hann hætti við prófið eða fengi því frestað, átti hann að hafa börnin heima hjá sér á þrettándakvöldi. Hún bað hann um að heimsækja hana ekki, ef hann væri drukinn, því að það gæti eyðilaggt nýgert samkomulag þeirra, og lofaði hann því. Nú ætlaði hann að fara að kveðja, og bað hann hana þá að láta hann hafa ryðgaða hnífinn til baka, en hún sagði þá, að hann fengi hnífinn, þegar hann kæmi næst í heimsókn.

Á leiðinni til skrifstofu sinnar fannst ákærða fundur þessi

hafa tekið óvænta stefnu, og velti hann því fyrir sér, hvort Hjördís Ulla hefði sagt honum satt og mælt allt af einlægni. Barnanna vegna yrði hann að halda þetta samkomulag og sjá til, hvað úr því yrði. En hvað um það, þá hafði honum létt verulega, og nú fannst honum, að hann væri laus við alla reiði, beiskju og afbrýði, sem hann hafði borið til hennar. Honum fannst það samt vera einkennileg tilfinning að vera nýtrúlofaður nýfráskilinni eiginkonu sinni. Fyrir utan skrifstofu sína hitti ákærði föður sinn og kunningja sinn, Sigbór Steingrímsson. Sagði hann þeim frá trúlofun sinni, og lýstu báðir yfir ánægju sinni. Morguninn eftir hringdi ákærði til Hjördísar Ullu. Sagði hann henni breytt númer á hlaupareikningi hennar, og í stuttu samtali þeirra sagðist hún ekki hafa lengi sofið eins vel og síðustu nótt. Hinn 5. sama mánaðar sagði ákærði einnig Paulu frá samkomulagi sínu og Hjördísar Ullu, og var hún mjög ánægð með það vegna barnanna. Hjördís Ulla sagði henni einnig frá samkomulaginu. Nú var ákveðið, að eiginmaður Paulu skyldi fara með flugvél norður á Sauðárkrók að laugardagsmorgni 7. sama mánaðar, og sagði ákærði henni, að ef hann færi í endurskoðunarpróf 8. sama mánaðar, mundi hann ekki heimsækja eiginmann hennar á spítalann, heldur kveðja hann á flugvælinum, áður en hann færi norður, en ef ákærði hætti við prófið, mundi hann á laugardagsmorgun hitta hana á spítalanum og aðstoða hana við flutning hans suður á flugvöll.

5. Í byrjun september f. á. hóf ákærði þátttöku í námskeiði til undirbúnings prófi í endurskoðun, og var ráðgert, að prófið færi fram í byrjun janúar á þessu ári. Sótti hann námskeiðið, og á s.l. jólum helgaði hann sig undirbúningi undir próf þetta. Aðfaranótt 6. janúar s.l. bjó hann sig undir prófraunina, en þá fannst honum hann alls ekki vera nægilega búinn undir prófið og ákvað að reyna að fá því frestað til vorsins. Forráðamenn prófsins skýrðu honum frá því, að hann þyrfti vottorð læknis til að fá því frestað. Fékk hann þá hjá lækni sínum, dr. Eggerti Ó. Jóhannssyni, vottorð, dags. 6. janúar s.l., svohljuðandi:

„Hér með vottast, að hr. Þorvaldur Ari Arason, hrl., Sólvalla-götu 63 í Reykjavík, var í októbermán. s.l. veikur (insomnia et neurosis), en náði sér um tíma. Í nóvember endurtóku sig veikindin, og hefir sjúkl. ekki síðan náð sér að fullu.

Vegna veikinda þessara, sem ég hefi stundað hann í, tel ég varhugavert, að hann þreyti erfitt próf nú um sinn, þar sem próflestur undanfarið hefir haft áhrif til hins verra“.

Vottorð þetta sendi ákærði sama dag til prófnefndar.

Sama dag kveðst ákærði hafa hringt til Hjördísar Ullu og sagt henni, að hann mundi fá prófinu frestað, og því óskaði hann eftir að fá að hafa börnin þetta kvöld. Um kvöldið fór hann að Kvisthaga 25. Bauð Hjördís Ulla honum að borða, og þáði hann það. Hún spurði hann að því, hvort hann væri með flugeldana í bifreiðinni og hvort hann gæti ekki skotið þeim af svölunum hjá henni. Tæki því varla fyrir börnin að fara á Sólvallagötu 63 í tvo tíma, en þau yrðu öll að vera háttuð kl. 11. Þá spurði hún hann að því, hvort hann mundi ekki fara á Landspítalann næsta morgun, og játaði hann því. Þá sagði hún honum, að hann skyldi koma til hennar í morgunkaffi og sækja Paulu, og gætu þau þá farið saman á spítalann. Enn fremur töluðu þau um að kaupa nýtt tvískipt hjónarúm og á meðan þau væru að jafna sig, hefði hún annað rúmið, en hann hitt. Ákærði kveðst síðan hafa farið út á svalirnar með börnunum og skotið flugeldum. Einn þeirra fór í glugga á næsta húsi, og íbúar þess komu út til að gá að því, hvað væri á seiði. Af þessu varð Hjördís Ulla reið og spurði ákærða að því, hvort hann væri að reyna að koma óorði á hana og börnin þarna í hverfinu. Þessu svaraði hann ekki, en börnin báðu hann um að fara á Sólvallagötuna og skjóta flugeldunum þaðan. Féllst Hjördís Ulla á það, en sagði að börnin yrðu að vera komin heim kl. 11. Áður en ákærði kvaddi hana, bað hann hana um að láta hann nú fá ryðgaða hnífinn, en því svaraði hún reiðilega, að hann fengi hann ekki núna. Við þetta svar hennar fannst honum hún vera kaldari og harðari en hún hafði verið, þegar hann kom þar 2. sama mánaðar, en hann hugsaði, að það gæti verið einhver áhrif frá því, að móðir hennar hefði verið þar kvöldið áður, og mundi það brátt jafna sig. Ákærði og börnin fóru síðan á Sólvallagötu 63 og skutu þar upp flugeldunum. Höfðu þau þar ánægjulegt kvöld og voru sérstaklega glöð yfir sáttum foreldra sinna. Á tilsettum tíma skilaði ákærði börnunum, en sá þá ekki Hjördísi Ullu. Með börnunum sendi hann henni matvæli af birgðum sínum. Síðan fór ákærði í Naustið í því skyni að fá sér þar nokkra drykki fyrir svefninn, en þar sem hann var illa fyrirkallaður, sveif áfengið strax á hann.

Vitnið Eggert Ólafur Jóhannsson kveður, að fyrrgreint vottorð þess hafi einungis verið gefið í tilefni af frestun á fyrirhuguðu endurskoðunarprófi ákærða, en ekki gefið eftir ströngu sérfræðilegu mati og álítur, að sérfræðingur kynni að hafa tekið dýpra í árinni um heilsubrest ákærða.

V. kafli.

Að undangengnum úrskurði var Þórði Möller, yfirlækni á Kleppsspítalanum hér í borg, falið með bréfi, dags. 9. janúar s.l., að rannsaka þroska og andlega og líkamlega heilbrigði ákærða. Með bréfi, dags. 14. febrúar s.l., var yfirlækninum send endurrit af dómprófum í málinu ásamt frumgögnum.

Með bréfi, dags. 12. maí s.l., sendi yfirlæknirinn skýrslu um rannsókn sína, og segir þar, að hún „reyndist mikið og erfitt verk, enda viðurhluta mikið“. Í skýrslunni, sem dagsett er sama dag, segir m. a.:

„Ýmislegt í prófinu (þ. e. greindarprófi Wechslers. Innskot dómara.) bendir til þess, að við tilfinningaspennu muni hann geta átt erfitt með að draga réttar ályktanir og hafa tilhneigingu til að rasa um ráð fram, einkum er varðar persónuleg mál“.

„Persónuleikapróf með aðferð Rorschachs bendir e. t. v. fyrst og fremst til þess, að Þorvaldur Ari mæti prófinu með varkárni, sé á verði. Samt bendir ýmislegt til lélegrar geðstjórnar, undanlátssemi undan eigin geðhrifum“.

Niðurstaða yfirlæknisins er þessi:

„Álit mitt er því:

Þorvaldur Ari Arason er hvorki fáviti né geðveikur, heldur nokkuð skarpgreindur maður, en haldinn mjög djúpstæðum persónugöllum og skapgerðartruflunum, þar á meðal langrækni, tilhneigingu til öfgafullra viðbragða, árásarheigð og hefur yfirleitt óþroskað tilfinningalíf.

Vegna greindar hans og að ýmsu sterkrar almennrar persónubyggingar (ego-styrkleika) koma þessir verulegu ágallar honum alla jafna ekki í bölvun, en eftir nokkuð undanfarandi langtíma-drykkju, og jafnvel margra ára vaxandi spennu og tilfinninga-árekstra í hjónabandi, eftir nýafstaðinn skilnað og vafalaust miklar hrellingar og beizkju (hversu mikið sem réttmæti hennar er eða er ekki) grípur hann til þess eftir heillar nætur drykkju að ráðast inn í íbúð konu sinnar fyrrverandi og bana henni með hnífstungu.

Ekki er unnt að sjá, að beinn undanfari þessa atburðar hafi verið neitt sérstakt nýtt áfall, sem hafi svipt Þorvald Ara sjálfstjórn, nema þá atburðarásin á næstu mínútum á undan, en vitni bera þó, að hann hafi gengið mjög beint til verks, og þeirrar hugsunar verður ekki varizt, að hann hafi unnið af ráðnum hug, svo margt, sem til þess bendir.

Um horfur þessa manns er mjög erfitt að segja, og er reyndar

ekki hlutverk þessarar geðrannsóknar, en ábyrgir aðilar hljóta þó mjög að leiða hugann að því.

Um sakhæfi hans tel ég ekki vera nokkurn vafa, sérstaklega þó miðað við skarpa almenna greind og svo síðast en ekki sízt lögfræðilega þekkingu“.

VI. kafli.

Verða nú kröfur ákærvalds á hendur ákærða teknar til úrlausnar:

Samkvæmt framburðum vitnisins Paulu og ákærða, sem raktir eru í III. kafla, B lið, hér að framan, um viðureign þeirra og tilefni þess, að vitnið fékk áverka á vinstra læri, verður áverkinn ekki talinn ákærða til ásetningsverks. Meiðsli vitnisins voru slík, að þau hefðu fallið undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og í ákæru segir, en eigi er refsað samkvæmt þeirri grein, ef brot er framið af gáleysi. Ber því að sýkna ákærða af broti gegn lagagrein þessari.

Af framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið í fyrri köflum dómsins, er ljóst, að hann varð Hjördísi Ullu heitinni að bana vitandi vits og af ásettu ráði. Varðar það atferli hans við 211. gr. almennra hegningarlaga.

Á hinn bóginn getur leikið vafi á því, hvenær ásetningur hans til verknaðarins varð til, og sér í lagi hvort hann varð til, eftir að hann kom á Kvisthaga 25 þennan morgun eða áður eða jafnvel hvort hann hafði verknaðinn í hyggju og undirbúningi um nokkurt skeið. Verður mál þetta nú rakið nánar:

Það, sem gæti styrkt þá niðurstöðu, að ákærði hafi komið á Kvisthaga 25 með þeim ásetningi að verða Hjördísi Ullu heitinni að bana, er eftirfarandi:

1. Ákærði kom á Kvisthaga 25 bæði með buffhamarinn, sem hann notaði til að brjóta með rúðu í útidyraturðinni til að komast inn í húsið, og með eldhúshnífinn, sem hann veitti Hjördísi Ullu bana með.

2. Ákærði staðhæfði það í fyrstu, að hann hefði tekið eldhúshnífinn í eldhússkúffu á Kvisthaga 25, og breytti þeim framburði sínum ekki fyrr en í þriðju yfirheyrslu í dómi.

3. Í fyrstu yfirheyrslu 7. janúar kvaðst ákærði hafa farið inn í herbergi vitnisins Paulu og sagt við það, að rétt væri að ógna Hjördísi Ullu með hnífnum. Jafnframt tók hann hnífinn upp úr vasa sínum og hampaði honum fyrir framan sig, svo að vitnið gæti séð hann sem bezt.

4. Vitnin Paula og Sara hafa bæði borið, að ákærði hafi í herbergi þess fyrrnefnda tekið Hjördísi Ullu kverkataki og dregið síðan upp hnífinn.

5. Það var ekki samkvæmt umtali Hjördísar Ullu né vitnisins Paulu, að hann kom á Kvisthaga 25 á þessum tíma, heldur hafði ákærði þvert á móti lofað því að koma þangað ekki ölvaður og vitnið Paula búið við að hitta hann á Landspítalanum síðar um morguninn.

6. Þegar ákærði var handtekinn, virtist hann rólegur og sagði: „Þetta er allt í lagi, þetta er búið“.

7. Innihald og gerð pakkans, sem ákærði sendi Hjördísi Ullu á aðfangadag, gæti skoðast sem ógnun um að verða henni að fjörtjóni.

Hins vegar eru önnur atriði, sem dregið gæti úr líkindum þess, að ákærði hafi verið búinn að ákveða að verða Hjördísi Ullu að bana, áður en hann kom á Kvisthaga 25.

1. Telja verður uppvíst, að ákærði og Hjördís Ulla hafi hitzt í Gildaskálanum 2. janúar. Samkvæmt framburði ákærða fór þar vel á með þeim, og komu þau sér saman um málefni barnanna, og það kom jafnvel til tals, að þau stofnuðu til hjúskapar að nýju. Eftir fund þennan gat ákærði um hann við vitni, sem hafa borið það í málinu, að ákærði hafi eftir þetta verið breyttur maður og eins og fargi væri létt af honum. Hefur ekkert komið fram, er bendi til þess, að úfar hafi risið með ákærða og Hjördísi Ullu frá fundi þeirra 2. janúar til morgunsins 7. janúar að undanskildum meinlausum orðahnippingum, er ákærði kveður hafa orðið milli þeirra á Kvisthaga 25 að kvöldi 6. janúar.

2. Ákærði snæddi kvöldverð hjá Hjördísi Ullu hinn 6. janúar og fékk síðan að taka börn sín með sér heim til sín, þar sem hann lék við þau og skemmti þeim á ýmsan veg fram undir kl. 23, er hann skilaði þeim heim. Verður að telja ólíklegt, að hann hafi á þessum tíma búið yfir því að svipta móður þeirra lífi.

3. Ákærða var kunnugt um, að Paula Sveinsdóttir dvaldist á heimili Hjördísar Ullu, en hugðist halda norður á Sauðárkrók umræddan morgun. Þykir sú vitneskja hans mæla gegn því, að hann hafi komið á Kvisthaga 25 í því skyni að ráða Hjördísi Ullu bana í návist Paulu, en fram er komið, að góð vinátta hefur verið með ákærða og henni og fjölskyldu hennar.

4. Ekkert hefur komið fram því til styrktar, að ákærði hafi sótt hnífinn og buffhamarinn heim til sín í ferð þeirri, er hann fór í úr samkvæminu á Laugavegi 49 til þess að sækja áfengi.

Verður að leggja þá frásögn hans til grundvallar, að hann hafi ekki sótt áhöld þessi heim fyrr en um morguninn, þegar Jón Frímann Eiríksson ók ákærða heim á Sólvallagötu 63 og þaðan að Kvisthaga 25. Samkvæmt framburði vitnisins Sveins Júlíusar Ásmundssonar, sem tók ákærða í leigubifreið sína á Laugavegi um morguninn, óskaði ákærði fyrst eftir því, að ekið væri að Kvisthaga 25, en síðar snerist honum hugur og lét aka að Hótel Skjaldbreið. Bendir þetta til þess, að sú hugmynd að fara með hnífinn heim til Hjördísar hafi ekki verið orðin til, er ákærði tók sér leigubifreiðina.

5. Sú fullyrðing ákærða, að hann hafi komið með hnífinn á Kvisthaga 25 í því skyni að skipta á honum og ryðgaða hnífnum, er ekki sannfærandi frá almennu sjónarmiði, enda ber hér að hafa í huga, að hann kveðst þegar hafa verið búinn að afhenda Hjördísi Ullu verðmætan mun, gullfesti, fyrir hníf þennan og hefði hún lofað að skila honum. Á hitt ber að líta, að upplýst er, að hann lagði mikla áherzlu á að fá hnífinn aftur.

6. Skýringar ákærða á því, hvers vegna hann kannaðist ekki við það í fyrstu, að hann hefði komið með hnífinn með sér á Kvisthaga 25 (sbr. lok II. kafla B hér að framan), eru heldur ekki sérlega sannfærandi. Hafa verður þó í huga, að hann leyndi í fyrstu drykkjusakvæminu, sem hann var í um nóttina, að því er hann segir af hlífð við samkvæmisgesti.

Sama máli gegnir um mót ákærða og vitnisins Jóns Frímanns Eiríkssonar, sem hann hafði enga sjáanlega ástæðu til að leyna.

7. Leggja verður til grundvallar þann framburð ákærða, að komið hafi til snarprar orðasennu milli hans og Hjördísar Ullu fyrst í forstofunni, er ákærði kom inn, síðan í eldhúsinu, meðan sonur þeirra var að búast til brottfarar, eftir það inni í herbergi Paulu og loks í innri forstofu íbúðarinnar, þar sem ákærði kveður hafa farið á milli þeirra heiftarleg sáryrði og svívirðingar, þar til hann hafi misst stjórn á sér og lagt til Hjördísar Ullu með hnífnum.

8. Meta verður þakkann, sem ákærði sendi fyrrverandi konu sinni á aðfangadag, í ljósi rannsóknar Þórðar Möllers yfirlæknis á geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Samkvæmt því verður ekki talið, að ákærði hafi með því að senda henni þakkann verið að hóta henni fjörtjóni, heldur verið að reyna að hæða hana eða særa og haft þar á þann hátt, sem geð hans stóð til. Sama máli gegnir um þakka þann, sem hann sendi fyrrverandi tengdamóður sinni sama dag.

9. Samkvæmt skýrslu Þórðar Möllers yfirlæknis, sem áður var greint frá, er ákærði haldinn djúpstæðum persónugöllum og skapgerðartruflunum, og er meðal þeirra talin árásarhneigð og tilhneiging til öfgafullra viðbragða. Í þessu sambandi verður að hafa í huga ástand ákærða umræddan morgun, en hann hafði þá vakað við drykkju heila nótt, var þreyttur eftir geysimikla vinnu, er hann hafði lagt á sig næstu vikur á undan, og hafði einnig staðið í skilaðarmáli við konu sína með þeirri spennu og hrellingum, er því fylgdi.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, svo og með hliðsjón af grundvallarreglum 108. gr. laga nr. 82/1961 þykir eigi vera fram komin lögfull sönnun fyrir því, að sá ásetningur ákærða að bana Hjördísi Ullu heitinni hafi verið til orðinn og ákveðinn að fullu, fyrr en eftir að hann kom á heimili hennar að Kvisthaga 25 hér í borg að morgni 7. janúar s.l.

Á hinn bóginn þykja ekki vera skilyrði til þess að ákvarða refsingu ákærða með hliðsjón af 74. gr., 4. tl., né 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 7. janúar s.l. ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Fébótakröfur hafa eigi verið hafðar uppi í málinu.

Ákærða var veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi 20. desember 1957, löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði 15. október 1958 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 20. október 1962.

Með bréfi til dómismálaráðuneytisins, dags. 29. janúar s.l., tilkynnti ákærði, að hann afsalaði sér um aldur og ævi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannsréttindum sínum. Óskar ákærði jafnframt eftir því, að ráðuneytið sjái sér fært að fallast á afsöl þessi og að veita honum lausn frá lögmannsréttindum. Samkvæmt bréfi ráðuneytisins, dags. 28. þ. m., hefur það ekki tekið afstöðu til réttarlegrar þýðingar ofangreindrar yfirlýsingar ákærða.

Samkvæmt 68. gr., 2. mgr. i f., laga nr. 19/1940, sbr. 6. gr. laga nr. 31/1961, ber að taka til greina þær kröfur ákæruvalds, að ákærði verði sviptur leyfum til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði.

Samkvæmt sama lagaákvæði þykir einnig rétt að svipta ákærða verzlunarleyfum sínum (heildsöluleyfi og smásöluleyfi).

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun skipaðs sækjanda til ríkissjóðs, kr. 50.000.00, svo og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Í fyrrgreindum skýrslum ákærða, sem lagðar hafa verið fram í málinu, eru nokkur ummæli um einstaklinga utan máls þessa, sem átelja verður.

Loks þykir rétt að gera eftirfarandi grein fyrir gangi máls þessa: Hinn 7. janúar s.l. hófst rannsókn í sakadómi, og með bréfi, dags. 14. febrúar s.l., voru dómpróf send Þórði Möller yfirlækni. Með bréfi, dags. 12. maí s.l., sendi hann dóminum rannsóknarskýrslu sína. Hinn 2. og 12. sama mánaðar var málið sent saksóknara ríkisins, og með ákæru, dags. 19. sama mánaðar, höfðaði hann mál á hendur ákærða. Sakadómur ákvað, að munnlegur flutningur málsins skyldi fram fara 1. ágúst s.l., en að beiðni verjanda ákærða og með samþykki sækjanda var flutningi málsins þá frestað. Lauk ákærði við og lagði fram skriflegar skýrslur um forsögu og atvik málsins, svo og varð dómurinn við kröfu verjanda hans um frekari yfirheyrslur í málinu. Varð þeim lokið 27. f. m. Munnlegur flutningur málsins fór síðan fram 23.—24. þ. m., og að honum loknum var málið tekið til dóms.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Ari Arason, sæti fangelsi 16 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 7. janúar 1967 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði var sviptur leyfum til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti og löggildingu til sóknar opinberra mála í héraði svo og verzlunarleyfum sínum (heildsöluleyfi og smásöluleyfi).

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 50.000.00, og málsvarnar- og réttargæzlulaun skipaðs verjanda síns, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.